



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

## **Trú og angist**

*Kenningar Søren Kierkegaard um trú og angist í leikriti Henriks*

*Ibsen Keisari og Galílei*

**Ritgerð til B.A. -prófs**

**Ásta Haraldsdóttir**

**haust 2011**

Háskóli Íslands  
Íslensku- og menningardeild  
Almenn bókmenntafræði

# Trú og angist

*Kenningar Søren Kierkegaard um trú og angist í leikriti Henriks  
Ibsen Keisari og Galílei*

*Ritgerð til B.A.-prófs*  
Ásta Haraldsdóttir  
kt.: 030262-5579

Leiðbeinandi: Gottskálf Þór Jenson  
haust 2011



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur.....	4
Júlíanus og angistin .....	9
Júlíanus áður en hann er gerður að Cæsar .....	12
Júlíanus sem Cæsar.....	31
Júlíanus keisari .....	35
Niðurstaða.....	51
Heimildaskrá:.....	54

## Inngangur

Leikritið *Keisari og Galílei* er eftir norska leikritaskáldið Henrik Ibsen og var gefið út árið 1873. Það fjallar um Júlíanus keisara sem var söguleg persóna og keisari Rómaveldis á fjórðu öld eftir Krist. Þetta er lengsta leikrit Ibsens en hann skiptir því í tvennt; fyrri hlutinn heitir „Afneitun Cæsars“ en það hefst þegar Júlíanus er 19 ára gamall. Hann á í baráttu um það hvaða veg hann eigi að velja í lífinu en keisarinn gerir hann að Cæsar, það er krónprinsi ríkisins og þar með arftaka keisarans, og sendir hann í hernað þar sem Júlíanus vinnur mikinn sigur en er þar með orðin ógn við keisarann sem reynir að ryðja honum úr vegi. Júlíanus vill bjarga lífi sínu og ákveður að rísa gegn Konstantíusi keisara og úthrópa sjálfan sig sem keisara. Á sama tíma snýr hann baki við kristinni trú og fer að dýrka hina gömlu guði. Seinni hluti leikritsins nefnist „Júlíanus keisari“ en hann fjallar um líf hans sem keisara og hvernig ásetningur hans í því að öll trúarbrögð fái jafnan sess í ríkinu snýst upp í ofsóknir gegn hinum kristnu. Júlíanus á í stöðugri baráttu, bæði við ytri aðstæður og innra með sér, þar sem hinir gömlu guðir og Galíleinn Jesús takast á og í lok leikritsins, í hernaði sínum við Persa, viðurkennir hann ósigur sinn og sigur Galíleans rétt áður en hann særast og fellur frá.

Ibsen leit á *Keisara og Galílea* sem höfuðverk sitt en þrátt fyrir það hefur það ekki fengið sömu umfjöllun og mörg önnur verk hans. Leikritin *Brandur* og *Pétur Gautur* voru skrifuð á undan *Keisara og Galílea* en í þeim eru tilvistarspurningar mannsins teknar fyrir á þann hátt að leikritin mynda andstæða póla - frá hinum strangtrúaða Brandi sem lifir samkvæmt sannfæringu sinni og krefst þess að aðrir geri það líka til Péturs Gauts sem reynir að vera sjálfum sér nógur en er tækifærissinni og hleypst stöðugt í burtu frá allri ábyrgð. Þessi tvö leikrit hafa fengið mikla athygli og oft verið sett upp í leikhúsum. Hins vegar hefur *Keisari og Galílei* sjaldnar verið leikið vegna þess hve leikritið er langt og minni gaumur hefur verið gefinn að tilvistarkreppu Júlíanusar keisara. Ibsen sagði sjálfur að það væri meira af sínu andlega lífi í leikritinu en hann kærði sig um að viðurkenna opinberlega og það er víst að sálarlíf Júlíanusar er krufið til mergjar hvað varðar togstreitu milli kristinnar trúar og lífssýnar heiðninnar. Í bréfi sínu til Ludvig Daae segir Ibsen: „Það [það er leikritið] tekst á við baráttu ósamrýmanlegra afla í tilverunni - linnulausa

baráttu - og vegna þess hve það hefur almenna tilvísun kalla ég bókina „Alheimsdrama“.<sup>1</sup> Í bréfi sem hann skrifaði til Edmund Gosse segir hann jafnframt: „Hluti af innra lífi mínu er lagður í þessa bók, ég hef reynt sjálfur það sem ég lýsi en á annan hátt og hið sögulega þema stendur í nánara samhengi við hreyfingar á okkar tímum en hægt væri að láta sér detta í hug fyrirfram.“<sup>2</sup>

Eitt af grundvallaratriðunum og aðalvandinn varðandi sálarkreppu Júlíanusar eru óttinn og angistin og hvernig þær tilfinningar tengjast trúnni. Þetta eru djúpstæðar tilfinningar og varða bæði guð(i) og menn. Í ritgerðinni verður fjallað um þennan vanda Júlíanusar, hverjar eru orsakir angistarinnar, hvernig tekst hann á við hana, hvaða áhrif hefur hún á trú hans og hvernig kemur hún fram í orðum hans og athöfnum. Danski heimspekingurinn Søren Kierkegaard gerir þessar tilfinningar að umfjöllunarefni í mörgum ritum sínum og tengir þær trúarlífinu. Þau rit sem aðallega verður vitnað í eru *Uggur og ótti (Frygt og bæven)* í þýðingu Jóhönnu Þráinsdóttur og *Begrebet Angst*. Í þessum ritum talar Kierkegaard um guðsóttann, að angist og kvíði sem tengist bæði Guði og mönnum taki sér bólfestu í manneskjunni og hvernig þessar tilfinningar geta leitt til þess að maðurinn annað hvort hafnar Guði eða tekur trú á hann. Þau dönsku orð sem hann notar eru angst, frygt og bæven. Í þýðingu sinni á *Frygt og bæven* þýðir Jóhanna Þráinsdóttir orðið angst sem angist, frygt sem ótta og bæven sem ugg og verður þetta látið halda sér í þessari ritgerð. Verða þessi hugtök notuð eftir því sem við á bæði hvað varðar leikritið og verk Kierkegaards.

Kenningar Kierkegaards verða notaðar til að varpa ljósi á innri baráttu og angist Júlíanusar en Ibsen þekkti vel til verka hans. Sýnt verður fram á hvernig kenningar Kierkegaards koma fram í togstreitu og sálarkreppu Júlíanusar og á hvaða hátt Ibsen leiðir Júlíanus síðan eftir þessum kenningum frá upphafi leikritsins til enda.

Það getur verið að Ibsen hafi kynnst Kierkegaard í Grimstad en vitað er að hann fékk oft lánaðar bækur hjá eldri konu þar sem hét Georgiana Crawford og hún átti bók Kierkegaards *Enten-Eller*.<sup>3</sup> Eins og Kierkegaard ólst Ibsen upp í strangkristnu umhverfi og persónur í leikritum hans líta oft á kristindóm með bæði

<sup>1</sup> „Det behandler en brydning mellem to uforsonlige magter i verdenslivet, som til alle tider vil gentage sig, og på grund af denne universalitet kalder jeg bogen et verdenshistorisk skuespil.“ Michael Meyer, *Henrik Ibsen*, Gyldendal, (Staður ekki nefndur): 1971, bls. 375.

<sup>2</sup> „Det er en del af mit eget åndelige liv, som jeg nedlægger i denne bog; hvad jeg skildrer, har jeg, under andre former, selv gennemlevet, og det valgte historiske thema har også nærmere sammenhæng med vor egen tids bevægelser, end man på forhånd skulde tro.“ Meyer, bls. 370.

<sup>3</sup> Meyer, bls. 33.

ótta og aðdáun. Meyer bendir á það í bókinni sem hann skrifaði um ævi Ibsens að bæði í dagbók Ibsens og leikritum hans eru hugtök og tjáningarmáti sem svipar mjög til þess sem Kierkegaard hefur ritað.<sup>4</sup> Annars greinir fræðimenn mjög á um það hvort Ibsen er alveg hreinskilinn þegar hann segist hafa lesið lítið eftir Kierkegaard og skilið ennþá minna.<sup>5</sup> Í bréfi sem hann skrifaði útgefanda sínum Frederik Hegel 9. júní 1866 segir hann: „Málið er að framsetning á lífi sem hefur það að markmiði að koma hugmyndakerfi í framkvæmd mun alltaf á vissum stöðum samræmast S. Kierkegaard.“<sup>6</sup> Þetta sýnir að Ibsen hefur lesið og skilið meira af Kierkegaard en hann vill vera láta og engin ástæða til að ætla annað en að það hafi haft áhrif á verk Ibsens. Svo snemma sem árið 1867 skrifar Georg Brandes sína fyrstu ritgerð um Ibsen og segir þar um leikritið *Brand* að næstum því hver afgerandi hugsun þar sé til staðar hjá Kierkegaard og líf hetjunnar hafi hann að fyrirmynd.<sup>7</sup>

Leikritið *Keisari og Galílei* hefur verið tekið fyrir frá öðrum sjónarhornum og má þar nefna nýplatónismann en þar var heimspekingurinn Plótínus aðalhugmyndasmiðurinn og heimspeki Hegels en ýmsir telja að Ibsen hafi horft til hennar við samningu leikritsins. Hér verður ekki fjallað um þessar kenningar, nema heimspeki Hegels að litlu leyti, þar sem það yrði of viðamikil umfjöllun. Ástæðan fyrir því að frekar er lítið til Kierkegaards en Hegels í þessari ritgerð er sú að í leikritinu lætur Ibsen Galíleann, það er Jesúm, verða að mælistiku þess sem er satt og þess sem er falskt og jafnframt því að deila á hina nafnkristnu dregur hann upp mynd af sönnum og ekta kristindómi.<sup>8</sup> Kierkegaard var einnig þekktur fyrir það að tala tæpitungulaust þegar hann gagnrýndi kirkjuna og þann kristindóm sem þar var að finna. Hann trúði því að menningarsigur kristindómsins hefði lagt hulu yfir hið upprunalega innihald hans og það að vera kristinn fælist einungis í því að vera fæddur af kristnum foreldrum í kristnu landi.<sup>9</sup> Ibsen kemur fram með samskonar gagnrýni í leikritinu er hann skrifar um þá sem taka kristna trú vegna eigin ávinnings og deilir á þá fyrir að hugsa einungis um eigin hag. Egil A. Wyller kemst að þeirri niðurstöðu að Ibsen standi mun nær kenningum Kierkegaards en Hegels í leikritinu þó að á yfirborðinu virðist sem

<sup>4</sup> Meyer bls. 178.

<sup>5</sup> Eivind Tjønneland: „Henrik Ibsens Brand og Søren Kierkegaard“ *Kierkegaard, Ibsen og det moderne*, ritstj. Vigdis Ystad, Universitetsforlaget, Oslo: 2010, bls. 209.

<sup>6</sup> „Sagen er at Fremstillingen af et Liv der har Ideforholdets Gjennemførelse till Sigtepunkt, vil altid komme til paa visse Punkter at falde sammen med S. Kierkegaards.“ Eivind Tjønneland, bls. 208.

<sup>7</sup> Tjønneland, bls. 209.

<sup>8</sup> Egil A. Wyller: *Ibsens Keiser og Galilæer*, Gyldendal Norsk Forlag, Oslo: 1999, bls. 15.

<sup>9</sup> Ronald M. Green: „Developing Fear and Trembling“ *The Cambridge Companion to Kierkegaard*, ritstj. Alastair Hannay og Gordon D. Marino, Cambridge University Press, Cambridge: 1998, bls. 258.

kenningar Hegels séu ráðandi þar þá liggja dýpt verksins í kenningum Kierkegaards, sérstaklega því að setja Galíleann upp sem Jesúm Krist persónulega og þar með verði hið trúarlega sjónarmið ríkjandi.<sup>10</sup> Nýplátónistinn Plótínus hefur oft verið tengdur við *Keisara og Galílea* og Trausti Ólafsson segir í bók sinni um leikrit Ibsens að sá trúarlegi vandi sem Júlíanus standi frammi fyrir eigi sér fyrst og fremst rætur í „...andstæðunum milli nýplátónískrar hugsunar sem sé síðasta blómaskeið grískrar heimspeki og klassískrar kristinnar kenningar sérstaklega með tilliti til hugmyndarinnar um upprisuna.“<sup>11</sup>

Það eru því margar kenningar sem tengjast leikritinu en það hefur þó ekki verið nein hefð fyrir því að setja kenningar Kierkegaards í samband við *Keisara og Galílea* heldur hefur heldur verið bent á önnur leikrit í því samhengi svo sem *Brand* og *Pétur Gaut*.<sup>12</sup>

Eins og áður var nefnt er Júlíanus söguleg persóna og heimildir um hann eru nokkrar til dæmis rit sem hann skrifaði sjálfur, ræður Líbaníósar til Júlíanusar og um hann, skammarræða sem Gregor af Nazianz hélt eftir dauða hans og sögulegt verk samtíðarmanns Júlíanusar, Rómverjans Ammianusar Marcellinus. Ibsen rannsakaði þessar heimildir, að eigin sögn, bæði á þýsku og að hluta til á latínu og það er sérstaklega í seinni hluta leikritsins sem heimildanotkun hans er áberandi. Hann notar nokkra kafla úr ræðum Júlíanusar sem hann setur nánast orðrétt inn í leikritið. Ibsen sagðist einnig hafa lesið rit kirkjuféðranna og segir einnig að skilningur hans á Júlíanusi sé í fyllsta samræmi við hinn sögulega sannleika.<sup>13</sup> Áfram segir Ibsen síðan í bréfi sínu til Jakob Løkke árið 1873:

„Það er ekki hægt að treysta einungis á söguritara nútímans í þessu efni, sérstaklega ekki þá þýsku. Winkelmann, Lessing, Goethe og Schiller hafa umbreytt viðhorfi fólks þannig að grísk heiðni nýtur góðs af og þess vegna er kristindómurinn ekki hátt skrifaður í Þýskalandi.“<sup>14</sup>

<sup>10</sup> Wyller, bls. 32-35.

<sup>11</sup> „...by the contrasts between Neoplatonic thought, the last blossoming of Hellenistic philosophy, and classical Christian teaching, in particular with regard to the idea of resurrection.“ Trausti Ólafsson: *Ibsen's Theatre of Ritualistic Visions*, Peter Lang, Bern: 2008, bls. 47.

<sup>12</sup> Í Danmörku og Noregi voru haldnar tvær helgarráðstefnur með nokkru millibili 2006 og 2008 þar sem tengslin milli þessara tveggja manna voru rædd án þess að nokkurn tíma væri minnst á *Keisara og Galílea* í því samhengi.

<sup>13</sup> Wyller, bls. 24.

<sup>14</sup> „De nyere historieskrivere alene, navnlig de tyske, kan man ikke stole paa i dette punkt. Winkelmann, Lessing, Goethe og Schiller har kvervet synet paa godtfolk til fordel for det græske hedenskab, og hertil kommer at kristendommen ikke nyder stor kredit i Tyskland.“ Wyller, bls. 24.



Samtímis því sem Ibsen notar allar þessar heimildir skapar hann sínar eigin persónur og fer frjálstlega með efnið þar sem það á við. Wyller bendir á að Ibsen hafi rétt til þess að túlka efnið á sinn hátt og efnistöð hans megi ekki líkja við nákvæmni ljósmyndarans heldur líkist hann frekar listmálara sem noti heimildirnar sem grundvöll að málverki sínu.<sup>15</sup> Það er alltaf spurning hvort það sé rétt að setja samasemmerki milli rithöfundar eða leikritaskálds og þeirra hugmynda sem koma fram í verkum þeirra. Í þessu tilfelli er litið til þess sem Ibsen segir sjálfur um leikritið og innihald þess og hvernig hann gerir hugmyndir leikritsins að hluta af sínu eigin innra lífi.

Miðlægur þáttur í *Keisara og Galilea* er hugmyndin um þriðja ríkið. Sá sem fyrstur setti fram þessa hugmynd, í kringum árið 1200, var sistersíensamunkur að nafni Joachim da Fiore. Hann hélt því fram að í þróun mannsins kæmu fram þrjú ríki hvert á eftir öðru sem tengdust hugmyndinni um þríeinan Guð. Fyrst kæmi ríki föðurins, síðan sonarins og að lokum ríki andans en það væri enn ekki opinberað þó Joachim da Fiore spáði því að það væri í nánd. Á átjándu öld tók G.E. Lessing upp þessa hugmynd og tengdi hana þróun mannsandans í átt að þriðja tímabilinu (þriðja ríkinu) þar sem hlýðni við ytri boðorð hefði vikið fyrir frelsi undir ábyrgð. Þetta varð vinsæl kenning þar sem bæði Schelling og Hegel innleiddu hana í þýsku rómantikina, August Comte í franska skynsemishyggju og Mereskovskij í rússneska sýmbólismann. Ibsen var þannig einn af mörgum sem tók hana upp en eftir hann var hugmyndin endurnýjuð í Þýskalandi tuttugustu aldar og tengd sögu þess frá miðöldum og fram að tímum Hitlers þar sem hugtakið þriðja ríkið var notað á það ríki sem Hitler ætlaði sér að stofna.<sup>16</sup>

Í ritgerðinni verður að mestu staðnæmst við kenningar Kierkegaards um trú og angist og sýnt fram á hvernig hugmyndir hans koma fram í leikritinu. Hugmyndir Kierkegaards um mismunandi gerðir angistar verða ræddar og settar í samhengi við leikritið og þá sérstaklega líf Júlíanusar. Í bók sinni *Uggur og ótti* fjallar Kierkegaard um Abraham og þá angist sem hann glímdi við. Líf Júlíanusar og Abrahams, eins og það kemur fram hjá Kierkegaard, verður borið saman; hvernig bregðast þeir við kalli frá Guði og hvernig vinna þeir sig út úr tilfinningum angistar og ótta? Einnig verður leitað í frásagnir Biblíunnar þar sem það á við þar sem Kierkegaard leit á sig sem baráttumann fyrir kristna trú gegn skeytingarleysi samtíma síns um trúarleg málefni.

<sup>15</sup> Wyller, bls. 26.

<sup>16</sup> Wyller, bls. 39-40.

## Júlianus og angistin

Fyrsti þáttur leikritsins er mikilvægur því þar eru margar persónur kynntar til sögunnar og grunnurinn er lagður að skilningi lesandans á Júlianus. Skoðanir annarra á honum, sálarlíf hans og innri barátta eru miðlægir þættir en einnig sýnir og draumar sem varða hann. Þegar leikritið hefst er Júlianus nítján ára og honum er lýst sem svarthærðum með byrjandi skeggvöxt, fjörleg augu, klunnalegar, áberandi og snöggar allt að því reiðilegar hreyfingar og hirðklæðnaðurinn fer honum illa. Föðurbróðir hans Konstantíus er keisari og sjálfur er Júlianus hluti af hinni keisaralegu hirð.<sup>17</sup> Konstantíus hafði látið taka alla fjölskyldumeðlimi Júlianusar af lífi, alls ellefu manns, en af einhverjum ástæðum þyrmdi hann Júlianus og Gallosi hálfbróður hans. Í leikritinu er gefið í skyn að einhverjir yrðu að vera til þess að erfa ríkið þar sem Konstantíus var sjálfur barnlaus (bls. 156). Með þessum aftökum hefur hann viljað treysta völd sín svo að raunverulegur boðskapur þess kristindóms sem hann lét innleiða við hirðina hefur ekki rist djúpt hjá honum heldur hefur hann viljað nýta sér framgang kristindómsins til þess að treysta eigin völd.

Brian Johnston segir Ibsen sýna gegnum Konstantíus hvernig veraldlegt líf hefur áhrif á andann og glundroði í andans málum áhrif á hið veraldlega. Konstantíus er heimsóttur af glæpum sínum og er tvístígandi milli pólitíkur sem annars vegar felst í því að myrða þá sem hann er hræddur um að geti staðið í vegi fyrir honum og hins vegar sjálfsniðurlægingar í trúnni á Galíleann. Þetta sé eitt af því sem fái Júlianus til að bregðast svona við kristindómnum.<sup>18</sup> Þrátt fyrir þetta er talað um trú Júlianusar í barnæsku þar sem hann boðaði kristna trú með þvílíkri andagift að mörg börn flykkust um hann og vildu fylgja Galíleanum, það er Jesú Kristi (bls. 150).

Það er þó ljóst að barn sem elst upp hjá þeim sem lét drepa fjölskyldu þess býr við djúpstæða reynslu og ótta sem hefur mikil áhrif á það. Það er ekki rætt um það í leikritinu hvort Júlianus hafði tekið kristna trú áður en hann kom til keisarahirðarinnar sem ungur drengur en trúarlíf hans þar hlýtur að hafa mótast af andanum við hirðina og óttann við keisarann og því verið blandin óöryggi og angist þó að trúarhitinn í boðun hans hafi fengið aðra til liðs við kristindóminn. Lesandinn fær þessar upplýsingar um barnatrú Júlianusar sem bakgrunn fyrir það sem gerist í leikritinu og þær sýna að honum

<sup>17</sup> Henrik Ibsen: „Keiser og Galilæer“, *Samlede verker III*, Den norske bokklubben, Oslo: 1941, bls. 139. Hér eftir verður vitnað í leikritið með blaðsíðunúmeri í ritgerðinni sjálfri

<sup>18</sup> Brian Johnston: *To The Third Empire*, Ibsen's Early Drama, University of Minnesota Press, Minneapolis: 1980, bls. 232.

hefur verið alvara með trú sína á þeim tíma. Keisarinn sem virðist nota kristindóminn sem ákveðið valdataeki, á sinn þátt í því að Júlíanus fer að efast um trúna og kristindóminn og því er það að þegar Agaþon, vinur hans, spyr hann hvort keisarinn sé honum sem faðir þá svarar Júlíanus ekki spurningunni heldur segir keisarann vera vitran og góðan (bls. 145). Hann virðist því ekki hafa notið ástríkis frá Konstantíusi sem er á verði gagnvart bræðrunum af ótta við að missa keisaratignina til þeirra. Reynsla Júlíanusar í barnæsku setur mark sitt á hann þegar hann stendur við þröskuld fullorðinsáranna og þarf að takast á við lífið á nýjan hátt.

Johnston ræðir um leikritið sem harmleik og eftirfarandi aðstæður séu nauðsynlegar fyrir sannfærandi heimssögulegan harmleik:

- „(a) Hetjunni verður að mistakast til þess að geta kallast harmræn.
- (b) Mistökin verða að koma á fót einhvers konar reglu á hlutunum svo að atburðarásin verður að vera díalektísk og rökleg - skynsamleg.
- (c) Andstaða hennar gegn ríkjandi reglufestu verður að hafa efnisleg og rökleg gildi í sjálfri sér.
- (d) Til þess að geta kallast nútímalegt drama verður það að vera bæði huglægt og hlutlægt, það er að hin stóra hugmyndafræðilega barátta verður að speglast í persónulegum og huglægum raunveruleika hetjunnar.“<sup>19</sup>

Harmleikurinn á að miklu leyti rót sína að rekja til innri baráttu Júlíanusar og leitar hans að einhverju(m) sem hann getur byggt líf sitt á. Honum finnst togað í sig úr mörgum áttum og allt fyrra leikritið lýsir þessari togstreitu sem hann á í. Í þessari baráttu lokar hann síðan á kristindóminn og í því liggja mistök hans því gefið er skyn að innst inni sé hann ekki heill í því sem hann er að gera þegar hann yfirgefur kristna trú. Allt leikritið er hann meira eða minna meðvitaður um kall Galíleans til hans um trú og kærleika þó hann reyni stöðugt að útiloka það og kæfa togstreituna og angistina innra með sér. Þessi barátta endurspeglast einnig í hinu ytra - í ríki því sem Júlíanus er settur til að ráða yfir og þrátt fyrir allar tilraunir hans til að koma í veg fyrir það verður Galíleinn honum þar yfirsterkari að lokum.

Í ritum sínum vinnur Kierkegaard með þetta samband Guðs og mannsins og hvernig maðurinn á allt sitt líf í baráttu annaðhvort við það að halda í trúna eða útiloka hana og er angistin hluti af þessari baráttu. Í bók sinni *Begrebet Angest* fjallar

---

<sup>19</sup> „(a) The hero must fail - in order to be tragic. (b) His failure must establish an order - so that the action must be dialectical and rational. (c) His opposition to the order established must itself have substantive, rational value. (d) The drama, to be modern, must be both subjective and objective, that is, the larger ideological conflict must also be mirrored in the hero's personal and subjective reality.“ Johnston, bls. 227-228.

hann um hugtakið og setur það í tvenns konar samhengi en það rit skrifaði hann undir dulnefninu Vigilius Haufniensis. Í upphafi bókarinnar byrjar Kierkegaard að ræða um erfðasyndina en samkvæmt honum tengist angistin henni. Ef erfðasyndin kom inn í heiminn með Adam, eins og kirkjan boðar, á þá að skilja það þannig að allir geti frelsast nema hann? Þetta vandamál þarf að leysa með því að útskýra bæði erfðasyndina og hlutverk Adams í henni. Kierkegaard lítur á það sem undirliggjandi þátt í tilvist mannsins „...að maðurinn er einstaklingur og sem slíkur er hann á sama tíma hann sjálfur og allar kynslóðir mannsins í einu þannig að allar kynslóðir eru þátttakendur í einstaklingnum og einstaklingurinn í kynslóðunum.“<sup>20</sup>

Kierkegaard heldur því fram að hver einasti maður missi sakleysi sitt þegar hann gerist sekur um eitthvað á sama hátt og gerðist hjá Adam.<sup>21</sup> Það sem Adam gerði var að koma með tilhneiginguna til að syndga inn í heiminn.<sup>22</sup> „Sakleysi er að vita ekki (óvitund)... Í því er hvíld og friður en á sama tíma eitthvað annað...Hvað er það þá? Ekkert.“<sup>23</sup> Hið djúpa leyndarmál sakleysisins er síðan það að samtímis því að vera Ekkert fæðir það jafnframt af sér angist.<sup>24</sup> Angist er ekki það sama og ótti sem Kierkegaard segir vísa til einhvers ákveðins hlutar. Hún er raunveruleiki frelsisins (Frihedens Virkelighed) sem möguleiki fyrir möguleikann (Mulighed for Muligheden). Þetta vísar til sálfræðilegrar tvöfeldni. „Angistin er samúðarfull andúð og andúðarfull samúð.“<sup>25</sup> Maðurinn er eining sálar og líkama. Þessi eining verður að hinu þriðja (synthese) sem er Andinn. Samband Andans við sál og líkama kemur fram sem angist.<sup>26</sup> Adam gat ekki skilið það að Guð bannaði honum að eta af tré þekkingarinnar því þá hefði hann þurft að vita skil góðs og ills en sá skilningur kom ekki fyrr en seinna. Bannið vakti aftur á móti hjá honum þá möguleika sem frelsið býður upp á. Ef gefið er að bann veki upp löngun þá vakti það möguleika á því að geta gert eitthvað og angistin fólst í þessum möguleika. Þó snýst þetta frelsi ekki um það að geta valið milli góðs og ills heldur sjálft valið. Milli þessa möguleika að velja

<sup>20</sup> „...at Mennesket er Individuum og som saadant paa eengang sig selv og hele Slægten, saaledes, at hele Slægten participerer i Individet og Individet i hele Slægten.“ Søren Kierkegaard, *Begrebet Angest*, Det Danske Sprog- og Litteraturselskab Borgen, staður ekki nefndur: 2004, bls. 28-29.

<sup>21</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 35.

<sup>22</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 55.

<sup>23</sup> „Uskyldigheden er Uvidenhed...I denne Tilstand er der Fred og Hvile; men der er paa samme Tid noget Andet...Hvad er det da? Intet.“ Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 40.

<sup>24</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 41.

<sup>25</sup> „Angest er en sympathetisk Antipathie og en antipathetisk Sympathie.“ Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 41.

<sup>26</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 42.

og veruleikans er milliákvörðun sem er angistin.<sup>27</sup> Syndin er ekki komin í heiminn en þó er angistin þegar til staðar.<sup>28</sup> Angistin er ekki ákvörðuð af nauðsyn en heldur ekki af frelsinu heldur er hún heft frelsi þar sem frelsið er ekki frjálst í sjálfu sér heldur bundið, ekki í nauðsyninni heldur í sjálfu sér.<sup>29</sup>

Kierkegaard heldur áfram að ræða þetta og dregur síðan þá ályktun að „[A]fleiðing erfðasyndarinnar eða það hvernig hún er til staðar í manningum er angist sem er aðeins efnislega (quantitativt) ólík angist Adams.“<sup>30</sup> „Syndin kom með angistinni en syndin bar aftur á móti angistina með sér.“<sup>31</sup> Það er þess vegna tvenns konar angistarhugtak sem Kierkegaard vinnur með. Annars vegar er það angistin sem var til staðar fyrir syndafallið og hins vegar er það sú angist sem syndafallið bar með sér.<sup>32</sup> Angistin getur verið bæði huglæg og hlutlæg (subjektiv og objektiv angest). Hlutlæg angist er til staðar í sköpuninni eftir fall Adams en hin huglæga angist er til staðar hjá manningum og er líkari angist Adams heldur en hlutlæga angistin.<sup>33</sup> Hann líkir angistinni við svima. Við það að horfa niður í hyldýpi kemur sviminn en það sem orsakar svimann er jafnmikið augað sem hyldýpið. Angistin verður að svimandi möguleika.<sup>34</sup> Hjá þeim kynslóðum sem koma eftir Adam er angistin meira í ætt við íhugun sem kemur fram á þann hátt að efni eða andlag angistarinnar sem var Ekkert er smátt og smátt að verða Eitthvað (Noget). Það þýðir þó ekki að hún verði að einhverju heldur er hún sambland af hugboðum sem endurspeglast í sjálfum sér. Þetta verður að forsendum fyrir hinu eðlislæga stökki sem á sér stað þegar hver einstaklingur setur syndina.<sup>35</sup>

### **Júlíanus áður en hann er gerður að Cæsar**

Getur Júlíanus tileinkað sér trú þeirra sem hafa drepið fjölskyldu hans og halda honum sjálfum nánast í gíslingu við hirð keisarans þar sem kristindómurinn er

<sup>27</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 47.

<sup>28</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 43.

<sup>29</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 47.

<sup>30</sup> „[A]rvesyndens Tilstedeværen i den Enkelte er Angest, der kun er quantitativt forskjellig fra Adams.“ Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 50.

<sup>31</sup> „Synden kom ind i Angesten, men Synden førte igjen Angesten med sig.“ Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 51.

<sup>32</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 52.

<sup>33</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 57.

<sup>34</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 58.

<sup>35</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 58-59.

notaður í eiginhagsmunaskyni? Það gerist einungis ef trú hans verður persónuleg, það er ef hún finnur sér farveg í sálarlífi hans sjálfs en ekki gegnum annað fólk. Hann verður að hafa upplifað gildi hennar fyrir sjálfan sig - að trúin fullnægi þörfum sálarinnar og sambandið við Guð sé sterkt og persónulegt. Júlíanus hefur gáfur ræðumenskunnar og hæfileika til þess að hrífa aðra með sér og þeir eiginleikar hans hefðu getað hrifið aðra með sér án þess að trúin kæmi þar beint við sögu. Hins vegar er ljóst að hann þekkir kristna trú og finnur mátt Galíleans - hann finnur hvernig hann dregst að honum en hann er hræddur og angistarfullur - innra með honum nagar óttinn hann, ef til vill er það óttinn við það ókunna, að missa stjórnina á lífi sínu og verða að fara eða gera eitthvað sem hann kærir sig ekki um við núverandi aðstæður - að lúta valdi sem er æðra en hann sjálfur. Hann sér Galíleann sem hinn stranga - jafnvel eignar hann honum eitthvað af eiginleikum keisarans - en hann sér ekki kærleiksboðskapinn, gæsku Guðs og frelsið sem laðar manninn að kristinni trú. Þess vegna getur trú hans ekki fullnægt þörfum sálarinnar heldur er hann stöðugt að leita að því sem getur gefið honum frið í sálinni.

Andlegt ástand Júlíanusar í upphafi leikritsins er þannig að hann kallar sig kristinn en á við miklar efasemdir að stríða. Við blinda manninn segir hann sig vera bróður í blindu og vantrú (bls. 142), það er spaug samfara alvöru því hann finnur blinduna í eigin sál.<sup>36</sup> Hann er í sálarneyð og stríðir við illar hugsanir (bls. 141). Hann vill fara burt sem sýnir að hann er að leita; hann er að öðlast sjálfstæði í hugsun, kemur með eigin spurningar, barnatrúin nægir honum ekki lengur og hann stendur frammi fyrir því að þurfa að velja sér leið í lífinu. Reynsla hans frá barnsárum blandast saman við trúna þannig að hann virðist ekki vita hvað hann eigi að velja og stendur í myrkri efasemdanna. Júlíanus á við angist að stríða sem beinist bæði að Guði og mönnum - hann óttast keisarann en einnig Guð. Honum finnst hann ekki vera heill og líður undir þeim væntingum sem aðrir gera til hans. Eðli hans er háð kristindómnum og viðbrögð hans við öllum þessum nafnkristnu mönnum í kringum hann eru ekki aðeins viðbrögð heiðingjans heldur einnig eðlileg viðbrögð hjá sannkristnum manni.<sup>37</sup>

Í fyrsta þætti leikritsins þegar Júlíanus hittir bæði Líbaníos og Agapón fær lesandinn að skyggjast inn í sálarlíf hans og lífið við hirðina í samtölum hans við þá.

<sup>36</sup> Egil A. Wyller: Bls. 49.

<sup>37</sup> Brian Johnston: Bls. 232-233.

Við Agapón segir hann að loftið í höllinni sé óheilmæmt og Hekebólíus, kennari hans, sé sorgmæddur yfir honum (bls. 143). Júlíanusi finnst Guð vera afhuga sér og finnur hræsnina sem ríkir við keisarahirðina þar sem fólk notar kristna trú til þess að auðgast og komast lengra á framabrautinni en skeytir minna um sál sína. Keisarinn hefur gefið tóninn við hirðina með því að myrða stóran hluta fjölskyldu sinnar og á við sína eigin sálarneyð að stríða þar sem blóðug augu horfa á hann (bls. 140). Áður en Júlíanus hittir Líbaníos hefur hann heyrt um hann og er hann ræðir um hann við Agapón segir hann þann hamingjusaman sem hefur ekki verið þar sem rödd og kenning Líbaníósar hefur heyrst (bls. 145) og hann bindi sálir þeirra sem á hann hlusta (bls. 146). Þetta þýðir að Júlíanus hefur heyrt kenningar Líbaníósar og þær hafa snert við honum þó að hann þræti fyrir það.

Hér stendur fyrsta barátta Júlíanusar, hann lifir í kristinni trú en finnur heimspekina, vísdóminn og ræðumannsgáfur heilla sig. Hann hefur ekki tileinkað sér kristindóminn á þann hátt að hann geti staðið gegn því og óttinn við þetta tekur sér bólfestu í sál hans - óttinn við Guð og óöryggið, hvað gerist ef hann hverfur frá honum samtímis því að finna löngun til valda - ef ekki keisaratignina sjálfa þá að vera í þeirri stöðu að hann nái völdum yfir hjörtum manna. Hvers vegna sýnir Júlíanus svona heitar tilfinningar þegar hann segir Agapóni frá Líbaníosi (bls. 145-146)? Er hann að segja sannleikann þegar hann segist ekki hafa leitað hans? Sögur Hekebólíusar um Líbaníos, sem reynast síðan vera ósannar, gefa til kynna að Júlíanus hafi verið að spyrjast fyrir um hann. Óþol Júlíanusar gagnvart Líbaníosi og hvernig hann vill losna við hann má túlka sem svo að hann vilji ekki þurfa að taka afstöðu til kenninga hans og með brottför Líbaníósar muni efinn og óttinn ef til vill víkja á brott. Þegar hann hittir Líbaníos án þess að vita hver hann er þá er gefið í skyn að Júlíanusi sé haldið frá ræðusölunum því þar sé talað um að hann sé jafnoki Líbaníósar í ræðumennsku, geti orðið meiri keisaranum og muni taka við ríkinu (bls. 148-149). Þetta kitlar að sjálfsögðu framalöngun Júlíanusar en ýtir jafnframt undir efasemdirnar og óttann því hann finnur að hann verður að taka afstöðu til kenninga Líbaníósar og lausnin er ekki fólgin í því að ræðumaðurinn hverfi frá borginni.

Síðan talar hann við Agapón sem hefur beðið á lengdar meðan Júlíanus og Líbaníos ræddust við. Þá fær hann að heyra um sýn Agapóns en hann er einn af þeim sem Júlíanus sneri til kristinnar trúar sem barn. Agapón er einn af þessum frámu kristnu sem líta á það sem hlutverk sitt að berjast gegn heiðni með öllum ráðum

jafnvel þó það kosti eyðileggingu og manndráp (bls. 153). Hann og Konstantíus mynda því andstæðar öfgar meðal þeirra kristnu. Í sýninni sá Agapón fyrir sér hvítt ljós, í því stóð maður í síðri kápu og það geislaði frá höfði hans. Maðurinn sagði honum að leita hans sem ætti að erfa ríkið og segja honum að ganga inn í hellinn og berjast við ljónin. Hann átti einnig að dusta af sér ryk keisarahirðarinnar og ganga aldrei frammar inn um hlið hennar (bls. 154).

Í tengslum við þessa sýn er nærliggjandi að leita í Daníelsbók Gamla testamentisins þar sem Daníel er hent í ljónagryfjuna eftir að hafa neitað að falla fram og tilbiðja Daríus konung. Öfundarmenn Daníels vildu losna við hann því Daníel var í uppáhaldi hjá konunginum og Daríus varð að fylgja lögum sínum og henda Daníel fyrir ljónin þó að það væri honum þvert um geð. Daníelsbók segir frá því hvernig Guð var með Daníel í gryfjunni og lokaði munni ljónanna svo honum var ekkert mein gert.<sup>38</sup> Altalað var að Júlíanus myndi erfa ríkið eftir Konstantíus en í sýninni er ekki minnst á hvers konar ríki hann eigi að erfa. Í sýninni er bent á hann sem arftakann eftir að hann hafi barist við og unnið sigur á illum öflum. Júlíanus tekur þessu þannig að baráttan standi við Líbaníós og það sem hann stendur fyrir.<sup>39</sup> Það að berjast við ljónin þýðir þá að stilla sér fremst í raðir kristinna manna, halda uppi kristinni lífssýn og berjast fyrir Galíleann. Í sýninni felst einnig ákveðið fyrirheiti sé hún tengd Daníelsbók því Guð er með Daníel og verndar hann gegn ljónunum. Eftir að Daníel er tekinn alheill upp úr gryfjunni lætur Daríus konungur boð út ganga til allra þjóða: ...Ég læt þá skipun út ganga, að í öllu veldi ríkis míns skulu menn hræðast og óttast Guð Daníels, því að hann er hinn lifandi Guð og varir að eilífu. Ríki hans gengur ekki á grunn og veldi hans varir allt til enda.<sup>40</sup>

Ef Júlíanus tekur við kallinu sem Agapón miðlar til hans munu ljónin, það er þeir sem standa gegn kristinni trú, ekki geta gert honum neitt mein. Það kemur líka fram að ríki Júlíanusar sé ekki keisararíkið því samkvæmt sýninni á hann að fara frá hirðinni og aldrei snúa þangað aftur því ríkið er ekki af þessum heimi heldur er það annars heims, Guðs ríki. Júlíanus fær að heyra um sýn Agapóns á sama tíma og hann stríðir við ótta sinn og angist og hann veit ekki í hvorn fótinn hann á stíga því togað er í hann úr mörgum áttum. Löngun hans til að stunda fræðin, hlýðni við kall Guðs,

<sup>38</sup> Daníelsbók, 6. kafli, *Biblían*, Hið íslenska Biblíufélag, Reykjavík: 1981, bls. 901-902.

<sup>39</sup> Egil A. Wyller: Bls. 53-54.

<sup>40</sup> Dan. 6:27



þær kröfur sem gerðar eru til hans við keisarahirðina - allt rennur þetta saman hjá honum og eykur angist hans yfir sínu andlega lífi.

Móður Júlíanusar dreymdi einnig draum varðandi framtíð hans og myndar sá draumur einskonar andstæðu við sýn Agapbons. en hana dreymdi að hún fæddi Akkilleus nóttina áður en Júlíanus fæddist (bls. 144). Í draumi móðurinnar er Júlíanus hin ósigrandi hetja sem passar vel við leynda drauma hans um keisaratign eða vera í þeirri stöðu að hann sé hinn fremsti og litið sé upp til hans. Akkilles var þó ekki ósigrandi því hann hafði blett á hælum þar sem hægt var að særa hann og drepa en Júlíanus virðist ekki vilja muna eftir því. Sýn Agapbons á uppruna sinn í gyðingakristnum þankagangi en sagan um Akkilleus er úr hinum klassíska gríska heimi. „Persónuleiki Júlíanusar og örlög hans standa á punktinum þar sem þessar tvær draumsýnir koma saman og í síðasta þætti leikritsins (II,5) verða þær eitt.“<sup>41</sup>

Í bók sinni *Uggur og ótti* sem Kierkegaard ritaði undir dulnefniinu Johannes de silentio fjallar hann um þegar Guð birtist Abraham og biður hann að fórna Ísak, fyrirheitna syninum sem hann eignaðist á gamals aldri. Í bókinni kemur fram að Johannes þessi er ekki trúaður. Þegar vitnað er í bókina verður raunverulegt nafn höfundar notað eins og með önnur rit hans þó að mikilvægt sé að hafa það í huga hvar höfundur stendur gagnvart trúnni í umfjöllun sinni. Johannes de silentio óskar sér þess að eiga trúna en hann er ekki kominn svo langt.

Samkvæmt Biblíunni bað Guð Abraham um að fórna syni sínum til þess að reyna trú hans, hvort hún stæðist ef hann yrði beðinn um að fórna því dýrmætasta sem hann ætti. Kierkegaard veltir vöngum yfir trúarhugtakinu, hvað felst í því, hvað á sér stað í huga og sál Abrahams þegar hann stendur frammi fyrir þessari reynslu og tilhneigingu okkar til að afgreiða hlutina á auðveldan hátt án þess að fara dýpra í það sem liggur að baki. Kristján Árnason segir í formála sínum að *Ugg og ótta* að trúin hjá Kierkegaard sé ekki eitthvað sem kemur sjálfkrafa við það að lifa í kristnu samfélagi og vera skírð(ur) og fermd(ur).

„Einkenni hins trúaða er ekki það að falla inn í lífið í þess háttar samfélagi heldur hlýtur trúin, eðli sínu samkvæmt að vera í andstöðu og krefjast þess að menn séu reiðubúnir að ganga í berhögg við þá veraldarhyggju sem hlýtur að

---

<sup>41</sup> „Julians personlighet og skjebne befinner seg nettopp i skjæringspunktet mellom disse to drømmefelter, som derfor også ganske riktig forenes i verkets aller siste akt (II,5).“ Wyller: Bls. 54.

ráða ríkjum í mannlegu samfélagi í sínýrri mynd og heimtar af mönnum sífellda málamiðlun og tilslökun.<sup>42</sup>

Kierkegaard gagnrýnir hvernig fólk á hans tímum lítur á trúna sem þrep í því að komast lengra í andlegu lífi sínu því að trúin sé lokamarkmiðið og fáum gefið að komast þangað. Hann segir: „Jafnvel þótt menn væru færir um að koma öllu inntaki trúarinnar í form hugtaksins er ekki þar með sagt að menn hafi náð taki á trúnni, náð tökum á því hvernig menn komast inn í hana eða hvernig hún kemst inn í þá.“<sup>43</sup> Trúin er ekkert lítilmótlegt heldur það mikilfenglegasta og erfiðasta sem menn komast í kast við.<sup>44</sup> Trúarhreyfingin er stökk út í það óendanlega, varpa sér í faðm Guðs því hann ber umhyggju fyrir hinum smæsta - þessi hreyfing óendanleikans er framkvæmd í hverri andrá þess sem trúir svo hann falli ekki frá trúnni.<sup>45</sup> „Hver einasta hreyfing óendanleikans er framkvæmd af ástríðu og engin íhygli dugar til að koma af stað hreyfingu.“<sup>46</sup> Kierkegaard heldur áfram og segir að stökkið sem framkvæmt er í sífellu skýri þá hreyfingu sem á sér stað en að kynslóð hans skorti ástríðuna til að geta framkvæmt þessa hreyfingu.<sup>47</sup>

Frá siðferðilegu og mannlegu sjónarmiði var það að fórna Ísak ekkert annað en faðir að myrða son sinn en frá sjónarhorni trúarinnar var það fórn og angist Abrahams felst í þessari þversögn, það er að verk trúarinnar og hlýðni hins trúaða manns við kall Guðs geta verið andstæð því sem kallað er skynsemi - út frá mannlegu sjónarmiði.<sup>48</sup> Abraham glímdi við Guð eins og margir á eftir honum og Kierkegaard segir að hver og einn sé mikill í samræmi við mikilleik þess sem hann glímir við.<sup>49</sup> Þannig sé angist Abrahams oft sleppt því hún sé hættuspil þeim er þannig hugsa.<sup>50</sup> Hann fann til angistar sem faðir Ísaks, sem eiginmaður Söru, móður Ísaks og eflaust hefur hann spurt sig þeirrar spurningar hvort hann hafi skilið Guð rétt. Kierkegaard segir að mitt í öllu þessu hafi hann framkvæmt hreyfingu trúarinnar, hann hafi gert það sem Guð bauð honum án þess að malda í móinn. „Því að sá sem elskar Guð án

<sup>42</sup> Søren Kierkegaard: *Uggur og ótti*, þýð. Jóhanna Þráinsdóttir, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík: 2000, bls. 38-39.

<sup>43</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 49-50.

<sup>44</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 115.

<sup>45</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 86 og 97.

<sup>46</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 100.

<sup>47</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 100.

<sup>48</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 80.

<sup>49</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 62.

<sup>50</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 77.

Þess að trúa gefur sjálfum sér gaum, sá sem elskar Guð í trú, gefur Guði gaum.<sup>51</sup> Angist Abrahams leiðir til þess að hann hlýðir kalli Guðs þó að það kalli á ofurmannlegt átak hans. Styrkur hans felst í því að fela Guði veikleika sinn. „En Abraham, mestur allra, mikill sakir þess máttar sem sækir styrk sinn í veikleika, mikill sakir þeirrar speki sem fólgin er í heimsku, mikill sakir þeirrar vonar sem birtist sem vitfíring, mikill sakir þeirrar ástar sem er sjálfshatur.“<sup>52</sup>

Júlíanus stendur ekki frammi fyrir því að eiga að fórna syni sínum en ótti hans og angist snertir samt einnig lífið, tilveruna og Guð vegna þess að í kallinu sem Agapón miðlar til hans er hann beðinn um að gefa Guði líf sitt, að kasta sér út í óvissuna á sama hátt og Abraham þegar hann hélt af stað með Ísak. Angist hans er djúpstæð, eins og áður hefur verið nefnt, hann á í tilvistarkreppu og er á báðum áttum hvaða leið hann eigi að fara. Hann kveðst vera lærisveinn Galíleans þegar það á við en þegar hann mætir þeim sem taldir eru standa fyrir utan raðir kristinna manna er hann tregur til að játa trú sína, eins og kemur í ljós þegar hann hittir Líbaníos í fyrsta skipti (bls. 148). Hann stendur á tímamótum, hefur fengið að heyra hjá Agapón hvers Guð væntir af honum og til þess að geta framkvæmt það verður hann að gera eins og Abraham, taka trúarstökkið og lifa í krafti fjarstæðunnar. Þetta veit Júlíanus og í sál hans ríkir angistin sem hindrar hann í að velja.

Sem fyrr segir er angist mannsins huglæg samkvæmt Kierkegaard. Hún er möguleiki frelsisins og einungis angistin sem möguleiki mótar manninn skilyrðislaust við trú.<sup>53</sup> „Ef maðurinn sem hefur hafið þessa mótun misskilur angistina þannig að hún leiðir hann ekki til trúar heldur frá trúnni þá er hann glataður.“<sup>54</sup> Sá sem lætur angistina aftur á móti móta sig heldur sig við angistina og lætur engin bellibrögð hennar leiða sig villur vega og þannig verður angistin að þjóni sem gegn vilja sínum leiðir manninn þangað sem hann vill fara.<sup>55</sup> „Þegar angistin hefur þannig mótað manninn til trúar ryður hún einmitt því úr vegi sem hún hefur sjálf komið fram með.“<sup>56</sup> Angist Júlíanusar getur því samkvæmt Kierkegaard annaðhvort leitt hann til trúar eða leitt hann niður í afgrunninn þar sem hann missir sjónar af trúnni. Hann er heldur ekki reiðubúinn til þess að sækja styrk sinn til Guðs

<sup>51</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 91.

<sup>52</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 62.

<sup>53</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 141.

<sup>54</sup> „Hvis han, idet han er begyndt Dannelsen, misforstaaer Angesten, saa den ikke fører ham til Troen, men fra Troen, da er han fortabt.“ Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 144.

<sup>55</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 144.

<sup>56</sup> „Idet da Individet ved Angesten dannes til Troen, da vil Angesten netop udrydde, hvad den selv frembringer.“ Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 145.

eins og Abraham gerir heldur vill hann halda fast í eigin styrkleika og hans eigið stolt leyfir honum ekki að sleppa honum eða ef til vill þorir hann ekki að taka stökkið út í það óendanlega. Þrátt fyrir alla hans orðgnótt um leit sína að sálarfrið færir angistin hann alltaf lengra burt frá Guði.

Í upphafi lýsir hann því hvernig sálarneyð hans vex með hverjum degi (bls. 141) og að Guð vilji ekki vita af honum (bls. 144). Hann talar um villukenningar Líbaníósar við Agaþon (bls. 146) en samtímis segir hann við Líbaníos að hann sé vinur vísdómsins og er tregur til að viðurkenna að hann sé fylgismaður Galíleans (bls. 148). Þetta sýnir klofninginn í sál hans og hvernig hann hneigist til þess að vilja líta vel út í augum þess sem hann talar við hverju sinni. Johnston segir að „ímyndunarafl hans [Júlíanusar] sé klofið og öðru megin sé kærleikur til hetjunnar og klassískrar heimsmyndar þar sem hetjurnar séu gáfaðar og athafnasamar og hinum megin djúpstæð kristin þrá til sannrar trúar sem sem leiði hann í átt til hins andlega.“<sup>57</sup> Hann fær leyfi keisarans til þess að yfirgefa Konstantínópel og leið hans liggur til Aþenu í öðrum þætti leikritsins þar sem hann gerist nemandi Líbaníósar og hittir Gregor og Basilíus frá Kappadókiu. Hið akademíska líf verður ekki eins og Júlíanus hafði haldið því hann hafði séð sjálfan sig í anda standa fremst í baráttunni fyrir sannleika Guðs og sannleika heimsins sem Líbaníos stendur fyrir. Freisting Júlíanusar er að ná tókum á kenningum og orðaleikni heimspekinga og ræðumanna og verða mikill - lýsa í ríkinu. Slíkt getur þó ekki orðið á forsendum trúarinnar því í trúnni verður hann að afneita sjálfum sér og framavonum sínum og lifa fyrir Guð, samanber sýn Agaþons (bls. 154). Hann finnur þó ekki það sem hann leitar að hjá Líbaníosi og fylgisveinum hans og því verður kenning þeirra fyrir honum eitthvað sem er án tilgangs og innihalds.<sup>58</sup>

Í upphafi standa Abraham og Júlíanus báðir frammi fyrir köllun um fórn sem felur í sér fyrirheit þó það sé ekki beinlínis orðað. Abraham er beðinn um að fórna syni sínum sem Guð hafði gefið fyrirheit um. Kierkegaard orðar það þannig að Guð hafi gert það fjarstæðukennda að veruleika er Sara eignaðist barn á gamals aldri en nú ætli hann að gera það að engu og krefjist þess hins sama af Abraham.<sup>59</sup> Fyrirheit Guðs stendur þó fast og ef það er virkilega ætlun Guðs að Abraham fórn syni sínum þá hefði það þýtt að Guð

<sup>57</sup> „[h]is imagination is deeply divided between love of the heroic and classical world with its active and intellectual heroes, and his deep Christian yearning for an authentic faith that will give him clear spiritual direction.“ Johnston bls. 240.

<sup>58</sup> Egil A. Wyller: Bls. 62.

<sup>59</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 66.

hefði aðrar leiðir til þess að standa við fyrirheit sitt. Júlíanus er beðinn um að yfirgefa hina keisaralegu hirð og leggja til atlögu við ljónin en eins og áður er nefnt tengist það Daníelsbók og þar með fyrirheiti um nálægð Guðs í þrengingum.

Júlíanus leggur á flóttu undir því yfirskinu að hann sé að fara eftir sýn Agaþons og í Aþenu hefur orðið breyting á honum. Löngunin sem hefur blundað í honum eftir hylli hefur verið uppfyllt að einhverju leyti en hann þyrstir eftir meiri viðurkenningu. Lærlingarnir hópast um hann (bls. 162). Hann kallar sig ennþá kristinn en hann sýnir tilhneigingu til þess að nota kristna fræði eins og það hentar honum, samanber það að gefa Guði það sem Guðs er og keisaranum það sem keisarans er (bls. 162-163). Gregor er ekki ánægður með framsetninguna á þessari tilvitnun í Biblíuna. Ef Guð fær æðsta sætið þá ætti það að koma sem eðlileg afleiðing að keisarinn fái sitt - þetta bendir fram til Júlíanusar sem keisara þar sem hann vill fá bæði það sem Guðs er og það sem tilheyrir keisaranum.

En Júlíanus finnur ekki það sem hann leitar að í Aþenu. Samband hans við Líbaníos er ekki lengur það sem tengir kennara og lærling. Hann sér hversu innantóm kenning Líbaníósar er og að hann lifir ekki eftir því sem hann lærir. Möguleikinn á lærlingum sem eru af efnuðum foreldrum fær Líbaníos til þess að fara niður að skipunum til þess að tryggja sér þá (bls. 165). „Líbaníos er ekki mikill maður...[Hann] hefur mikla kunnáttu en hann er ekki mikill maður. Líbaníos er nískur; hann er fáfengilegur; hann líður af öfundsyki ... Lifir hann samkvæmt því sem hann kennir?“<sup>60</sup> (bls. 167). Júlíanus vill fá að lifa og hann hefur séð að lífið við skólana í Aþenu er ekki eiginlegt líf (bls. 166-167). Johnston segir að hjá Líbaníosi sé ekki að fá annað en sálarlausan panthesisma þar sem ódauðleikinn felist í sameiningu við jörðina sem fæddi einstaklinginn sem er andstæðan við kristindóminn sem býður Júlíanusi trú á ódauðleika einstaklingsins.<sup>61</sup>

Síðar fá bæði Gregor og Basilíus bréf að heiman og þá fær Júlíanus að heyra hvernig Gallos bróðir hans fer fram með mikilli hörku þar sem hann fer. Þá kemur kallið aftur til Júlíanusar og spurt er hvað hann ætli að gera í þessu - það standi honum næst að tala við bróður sinn (bls. 169). Þetta bendir til sýnar Agaþons þar sem hann átti að berjast við ljónin. En Júlíanus hörfar undan þessu. Hann er ekki tilbúinn til þess að ganga fram fyrir skjöldu og eiga í baráttu við bróður sinn um þetta - það

<sup>60</sup> „Libanios er ingen stor mann ...Libanios har stor lærdom, men han er ingen stor mann. Libanios er grisk; han er förfengelig; han er opptent av misunnelse...Er hans liv som hans lære?“ Ibsen bls. 412-413.

<sup>61</sup> Johnston bls. 253.

gæti orðið hættulegt fyrir hann (bls. 170). Hann fær síðan að heyra hvernig Makrína (systir Basilíusar) skrifar um hann í bréfi sínu - að hann sé Davíð endurfæddur og muni hafa betur í baráttu sinni við heiðninnar menn (bls. 173). Þá brestur eitthvað í Júlíanusi, hann upplifir kallið og væntingarnar til sín sem eitthvað sem hann geti ekki staðið undir og heldur sína fyrstu ræðu í leikritinu gegn kristninni. Hann bendir á keisarann og hirðmenn hans og spyr hvort það sé þeirra kristindómur sem hann eigi að verja - kristindómur sem sé fullur af græðgi? Hvað með þá sem eyðileggja eignir heiðingjanna og myrða þá vegna Krists og rífast svo eftirá um eignirnar sem heiðingjarnir létu eftir sig? „Hvar er kristindómurinn?“ spyr hann að lokum (bls.173).<sup>62</sup> Hjá Wyller er bent á það að Basilíus fer ekki að verja þessar útgáfur af kristindómnum heldur vísar hann í rit heilagra manna en Júlíanus er búinn að fá nóg af bókum og upplifir að kristindómurinn og húmanisminn trúir á bækur en hann (Júlíanus) vill tilvistarlegt líf með öndunum og er tilbúinn til þess að breyta til og leita annað.<sup>63</sup> Hann segir síðan: „Hin gamla fegurð er ekki lengur falleg og nýi sannleikurinn ekki lengur sannur.“<sup>64</sup> (Bls. 174). Hann ákveður að leita Maxímusar í þeirri von að þar muni hann öðlast frið og geta náð sambandi við og lifað með öndunum (bls. 176).

Hann er að falla frá trúnni vegna þess að hann finnur ekki það sem hann leitar að og hann finnur það ekki vegna þess að hann leitar ekki á réttum stöðum. Í kringum sig sér hann ofstæki eða þá sem skara eld að eigin köku og það hentar vel að nota þá sem afsökun fyrir því að kristindómurinn sé ekki sannur. Þá hefur hann einnig ástæðu fyrir því að segja skilið við kall Guðs sem Agapón miðlaði til hans. Júlíanus hefur rétt fyrir sér í því að í þessum mönnum er ekki hinn sanna kristindóm að finna og í gegnum hann sést hvernig Ibsen er að nota tíma Júlíanusar til þess að benda samtímamönnum sínum á það hvernig hræsnin lítur út. Gregor, Basilíus og Makrína eru þó að stíga fram sem talsmenn sannrar trúar en Júlíanus velur að hlusta ekki á þau. Með því að snúa baki við kristindómnum er hann jafnframt búinn að segja nei við því kalli sem hann fékk um að boða kenningu Krists þeim sem halda heiðninni á lofti.

Á sama hátt kom Kierkegaard fram með gagnrýni á kirkjulíf í Danmörku. Kristján Árnason talar um að hann hafi ráðist óvægilega á dönsku þjóðkirkjuna og

<sup>62</sup> „Hvor er kristendommen?“ Ibsen bls. 415.

<sup>63</sup> Wyller bls. 66-67.

<sup>64</sup> „Den gamle skjønnhet er ekki lenger skjønn, og den nye sannhet ikke lenger sann.“ Ibsen bls. 416.

það sem hann kallaði opinberan kristindóm með hatrömmum ádeiluskrifum.<sup>65</sup> Hann fylgdi ekki straumi tímans, var uppsigað við ýmsa guðfræðinga samtíma síns og bar þeim á brún útþynningu og fölsun á kristindóminum og leit jafnvel á sjálfan sig sem mælistiku eða sendiboða frá æðri máttarvöldum til þess að gera athugasemdir við það sem væri rotið í trúarlífi Dana.<sup>66</sup> Líklegt verður að teljast að Ibsen hafi þekkt þessa gagnrýni Kierkegaards og í upphafi var einmitt vitnað í bréf sem Ibsen skrifaði þar sem hann talar um að þetta sögulega þema standi í nánara samhengi við hreyfingar samtíma síns en það sem virðist í fljótu bragði.

Í þriðja þætti er enn meiri breyting á Júlíanusi. Hann hefur gengið til liðs við Maxímus en í röðum hinna kristnu var litið á hann sem villutrúarmann. Ennfremur er mikil togstreita að myndast milli Júlíanusar og vinanna Gregors og Basilíusar. Hann er sífellt að leita að einhverju sem getur fyllt líf hans. Maxímus býður honum eitthvað sem er öðruvísi en það sem hann hefur áður reynt og hápunkturinn er þegar Maxímus fremur særingar til þess að mana fram andana fyrir Júlíanus (bls. 184-190). Með sínum austurlensku trúarbrögðum sýnir hann Júlíanusi annars konar tilbeiðslu en bæði kristindómurinn og akademían geta boðið honum.<sup>67</sup> „Hann hefur eitthvað af skugga innra með sér í því hann þjónar herra sínum og vísar honum veginn og nær þannig valdi yfir honum, verður hans annað ego.“<sup>68</sup>

Í Efesus fara svo þessar andasæringar fram sem eru eins konar vígsla Júlíanusar inn í heim andanna og sýn hans þar staðfestir það og sýnir að hann hefur öðlast innsýn inn í þann heim. Hann er á góðri leið með að takast ætlunarverk sitt - að eiga persónulegt samband við andana. En hvað er það sem rekur hann til þess? Júlíanus lifir í innri spennu og er alltaf að leita að hinu eina sanna svari sem svar við þeirri angist sem rekur hann áfram til þess að öðlast innri frið. Þegar þessar særingar eiga sér stað upplifir hann að hann sé um það bil að finna það sem hann hefur verið að leita að (bls. 181). Þessi nýja opinberun hans á sér stað fyrir tilstuðlan Maxímusar og Júlíanus væntir þess að hann viti hvar kjarna lífsins er að finna. Hann lýsir því hvernig hann hafi gengið gegnum myrkrið, hverju hann hafi mætt og hvernig hann hafi verið í dauðans ótta. Eftir á hafi líkami hans verið sem umbreyttur og þannig hafi

<sup>65</sup> Kristján Árnason, formáli að *Ugg og ótta*, bls. 15.

<sup>66</sup> Kristján Árnason, bls. 18.

<sup>67</sup> Wyller bls. 74.

<sup>68</sup> „Han har noe av „skyggen“ i seg, der han tjener og veileder sin herre, forløser hans dulgte drømmer og på den måte utøver makt over ham, utgjør hans alter ego.“ Wyller bls. 74.

hann verið í paradís meðal englanna (bls. 179-180). Hann biður Gregor og Basilíus að vera hjá sér því þessi nótt verði full af angist og eftirvæntingu (bls. 181). Það sýnir að þrátt fyrir undangengnar sýnir hans hefur angistin ekki sleppt taki sínu á honum.

Eftirvænting Júlíanusar felst meðal annars í því að komast að því hvort hann verði stærri en Galíleinn (bls. 182-183). Kierkegaard talar um fólk sem nægi ekki trúin á Jesú heldur vilji lengra. Þar er hann að gagnrýna rökræna hugsun Hegels þar sem að tesa og antítesa verða að syntesu. Samkvæmt Hegel er þessi rökleiðsla stöðugt að verki og það er ekkert endanlegt til nema dauðinn. Kierkegaard gagnrýnir þetta og segir um Abraham að á þeim 130 árum sem hann lifði hafi hann aldrei komist lengra en að trúá.<sup>69</sup> Ástæðan fyrir því er að þetta er athöfn sem maðurinn verður að framkvæma aftur og aftur og er aldrei búinn með í eitt skipti fyrir öll. Kierkegaard gengur enn lengra og segir að best sé að staðnæmast við trúna og ganga ekki lengra. „Því að trúarhreyfinguna verður sífellt að framkvæma í krafti fjarstæðunnar, þó raunar þannig að maður glati ekki endanleikanum, heldur vinni hann heilu og höldnu.“<sup>70</sup> Eftir að hafa tekið trúarstökkið í krafti fjarstæðunnar, það er þess sem gerðist er Kristur dó og sigraði síðan dauðann með upprisu sinni, þá hefur það áhrif á endanleikann sem er daglegt líf mannsins. Vegna breyskleika mannsins verður hann að framkvæma hreyfinguna í sífellu og kemst því aldrei lengra en að trúá en í trúnni á einstaklingurinn aðgang að kærleika Guðs og í henni lærir honum einnig að lifa lífi sínu í endanleikanum samkvæmt boðum Guðs og vilja. Kierkegaard segir að síðasti áfanginn á undan trúnni sé hin óendanlega auðsveipni þegar einstaklingurinn nær að gefa frá sér röksemdir sínar gegn Guði og ákveður að lúta ekki aðeins sínum eigin vilja. „Það er fyrst í hinni óendanlegu auðsveipni sem mér verður sjálfum ljóst mitt eigið eilífðargildi og þá fyrst má tala um að höndla tilveruna í krafti trúar.“<sup>71</sup> Samkvæmt Kierkegaard getur hver og einn agað sjálfan sig til þess að framkvæma þessa hreyfingu auðsveipninnar og fær að launum hvíld og frið. Þetta er nauðsynleg forsenda trúarinnar.<sup>72</sup>

Júlíanus rígheldur í sitt eigið þegar hann stendur frammi fyrir því að framkvæma hreyfingu auðsveipninnar. Hann finnur sér ótal afsakanir og þá sérstaklega líferni annarra kristinna manna sem hafa svo sannarlega ekki verið neinar

<sup>69</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 72.

<sup>70</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 92.

<sup>71</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 106.

<sup>72</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 105-106.



fyrirmyndir. Samt er greinilegt í fyrstu þáttum leikritsins hvernig hann finnur fyrir köllun Guðs og veit að honum er ætlað að ganga inn í hana og gera stóra hluti. Hann gengur um í angist yfir sáluhjálpi sinni en hvers vegna fær hann sig ekki til að taka skref hinnar óendanlegu auðsveipni og framkvæma síðan stökk trúarinnar? Að því er virðist þá er hann ekki tilbúinn til þess að láta af eigin vilja og vera í fylgd einhvers sem er honum æðri. Júlíanus gengur með drauma um að verða mikill maður og það hentar honum ekki að vera verkfæri Galíleans og gefa honum dýrðina af því sem hann gerir.

Júlíanus og Abraham fara því í sitthvora áttina. Abraham hlýðir kalli Guðs í auðsveipni og trú en Júlíanus svarar nei við kallinu og afleiðingin af því verður sú að hann snýr bakinu við Guði og leitar eigin upphafningar. Abraham er kallaður faðir trúarinnar vegna þess að jafnvel þegar Guð bauð honum að fórna syni sínum þá var hann fús til þess vegna þess að hann trúði á Guð og treysti honum. Það að framkvæma trúarhreyfinguna er að steypa sér fullur trúnaðartrausts í fjarstæðuna.<sup>73</sup> Þetta var það sem Abraham gerði. Í elsku sinni til Guðs gefur Abraham ekki gaum að sjálfum sér heldur er tilbúinn til þess að framkvæma vilja Guðs. Ekkert getur fengið hann til þess að afsala sér trúnni á Guð - öllu öðru er hann tilbúinn til þess að fórna - en vegna þess að hann er tilbúinn til að fórna syni sínum og sýnir þannig hvernig Guð er ofar öllu í lífi hans þá fær hann aftur son sinn sem hann var reiðubúinn að fórna. Í krafti fjarstæðunnar, það er því sem mannlegur hugur fær ekki skilið, höndlar hann fórn sína aftur.<sup>74</sup> Samkvæmt Kierkegaard heyrir fjarstæðan ekki undir umtak skilningsins sjálfs, það er ekki það ósennilega, óvænta eða ófyrirsjáanlega. Það er hið ógerlega en í óendanlegum skilningi er hið ógerlega gerlegt „...með því að sætta sig við það, er því sem þannig er haldið jafnframt sleppt.“<sup>75</sup>

Abraham og Júlíanus eru andstæður. Þeir standa báðir frammi fyrir vali en fara í sitthvora áttina. Vegur Abrahams verður til þess að hann fær óskir sínar uppfylltar, ótti hans og angist yfir kalli Guðs færir hann nær honum - með því að treysta Guði fær hann allt. Óttinn rekur Júlíanus til þess að reyna að ná völdum ekki bara frá veraldlegu sjónarmiði heldur yfir andaheiminum líka en í hinum kristna heimi getur Júlíanus ekki verið við stjórnvölinn - það er ekki pláss fyrir neinn annan en Guð sem hefur þegar vísað leiðina með krossdauða Jesú. Vegur Júlíanusar liggur

<sup>73</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 86.

<sup>74</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 97.

<sup>75</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 107.

þar með burt frá Guði og hann setur aðra guði og jafnvel sjálfan sig í hans stað. Líf hans verður stöðug barátta við Galíleann og að lokum verður hann að játa sig sigraðan. Samkvæmt Kierkegaard hefur Júlíanus misst allt þegar hann tapar því lífi sem Guð hafði búið honum og þar með verður hann að treysta á sína eigin krafta. „En af eigin kröftum höndla ég ekki agnarögn af því sem tilheyrir endanleikanum, því að ég nota krafta mína stöðugt til að sætta mig við allt.“<sup>76</sup> Leið hans lá ekki frá óttanum heldur lengra inn í hann.

Atriðið í þriðja þætti fyrra leikritsins þar sem andasæringarnar fara fram kemur sem eðlilegt framhald í leit Júlíanusar að einhverju sem getur satt innri þrá hans og fullnægt leitinni. Það er sem hann leiti einhvers sem getur gert hann æðri Galíleannum og réttlætt það að hann skyldi ekki hlýða kalli hans. Hann talar um að byggja keisararíki andans og hvernig hann sé byrjaður að koma auga á skriftina á veggnum (bls. 183). Í Daníelsbók sem áður er nefnd er einnig talað um letur sem skrifað er á vegg með fingri af mannshönd. Konungurinn Belsasar verður óttasleginn og lætur kalla á Daníel til þess að þýða letrið. Daníel segir Belsasar að hann hafi sett sig upp á móti Drottni og vegsamað aðra guði úr forgengilegum efnum og því hafi Guð sent fingur handarinnar. Þýðing Daníels var á þessa leið: „...*mene*, Guð hefur talið ríkisár þín og leitt þau til enda; *tekel*, þú ert veginn á skálum og léttvægur fundinn; *peres*, ríki þitt er deilt og gefið Medum og Persum.“<sup>77</sup> Júlíanus segir ekki hvað stendur á veggnum en hann muni brátt þýða letrið (bls. 183). Það er ekki minnst sérstaklega á þetta letur sem Júlíanus sér á veggnum en það er vert að hafa í huga þessa notkun Ibsens á Daníelsbók bæði vegna kallsins sem Júlíanus fékk með tilvísun í ljónin og einnig þessa tilvísun sem bendir fram til þess sem gerast muni þegar konungar snúa baki við Guði Biblíunnar og dýrka það sem gert er af mannahöndum. Þetta er einmitt það sem Júlíanus gerir þegar hann snýr baki við Guði - hann fer að dýrka mannanna verk og hann er því fundinn léttvægur samkvæmt þessu.

Andasæringarnar hefjast með því að Maxímus gefur Júlíanusi drykk með einhvers konar ofskynjunarefni sem hefur áhrif á skilningarvit hans og stúlkur dansa við tónlist flautuleikara (bls. 184). Síðan birtist andlit í birtu frá stórum bronslampa sem segir Júlíanusi að hann eigi að grunnfesta ríkið og Wyller segir heimspeki andans vera að maður eigi að vilja það sem maður verði að gera og taka það

<sup>76</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 111-112.

<sup>77</sup> Dan. 5:26-28

nauðsynlega inn á sig af frjálsum vilja. Hann bendir líka á það að þemað um „ríkið“ og „anda“ þess tengist spádómi um endalok heimsins í Daniëlsbók þar sem engill Guðs opinberar Daníel spádóma um það hvernig ýmis ríki birtast fram að endalokunum. Hann bendir sérstaklega á 10. kafla vers 5 og áfram í Daniëlsbók.<sup>78</sup> Síðan birtast þrjár andar; sá fyrsti er Kain sem gerður var útlægur vegna bróðurmorðs en stofnaði ríki manna á jörðunni, þá kemur Júdas sem uppfyllti spádóminn um að einn lærisveinanna yrði til þess að svíkja Jesú sem leiddi síðan til fórnardauða hans fyrir mannkynið og stofnun Guðs ríkis á jörðu en andi þriðja ríkisins er ekki meðal skugga hinna dauðu en Júlíanus túlkar þetta þannig að það sé annaðhvort hann eða Maxímus sem eigi að stofna þetta ríki (bls. 190).

Bæði Kain og Júdas gerðu eitthvað sem þeir urðu að gera, það sem búið var að ákveða fyrirfram. Gjörðir þeirra leiddu til dauða og þeirra eigin fordæmingar en afleiðingarnar urðu stofnun tveggja ríkja á jörðunni, það er að því neikvæða er snúið upp í eitthvað jákvætt. Wyller segir að Júlíanus skiljist að það sé hann sem á að leggja brautina fyrir þriðja ríkið. Hann áttar sig einnig á því neikvæða sem fylgir með og rís gegn því með hrópi til hins illa að víkja frá sér. Hann óskar sér ríkisins en ekki með því að framkvæma einhver niðingsverk. Hann getur þó ekki slitið sig frá áhrifum Maxímusar og það sem hann telur vera frelsi leiðir hann inn í nauðsyn (nødvendighet) sem heldur honum föstum.<sup>79</sup> Wyller bendir einnig á að guðfræðingurinn H.L.Martensen sem var undir áhrifum frá Hegel hafi komið fram með hugmyndina að þriðja ríkinu, ríki andans, sem sameiningu (syntesu) á ríki föðurins og sonarins og tengt það hugmyndinni um þúsundarárikið<sup>80</sup>. Ibsen hafi séð það áhrifaríka en einnig hið hættulega í þessari kenningu, sem kemur sérstaklega frá Hegel, að hið neikvæða, það er misgjörðir Kains og Júdasar, fá eins konar uppreisn æru. Hættan er sú að einhverjir fari meðvitað að taka á sig hlutverk Kains eða Júdasar.<sup>81</sup>

Er hægt að benda á einhver áhrif frá Kierkegaard í þessum þætti leikritsins þar sem Ibsen er að fjalla um andasæringar og þriðja ríkið? Það skiptir máli vegna þess að það sem Júlíanus gerir eftir þetta er byggt á því sem hann fær að heyra og sjá í særingunum. Andlegt líf hans og afstaða til Galíleans tengist því og sú angist sem alltaf kraumar undir hjá honum fær raunverulega næringu þar þó að hann leiti andanna til þess að fá ró og jafnvægi í huga sinn. Til þess að reyna að finna hvað það

<sup>78</sup> Wyller bls. 75-76.

<sup>79</sup> Wyller bls. 78-79.

<sup>80</sup> Wyller, bls. 41.

<sup>81</sup> Wyller bls. 79.

er sem Ibsen vill fá fram með andasæringunum er nauðsynlegt að ræða um trén tvö sem hann tengir tveimur fyrstu ríkjunum. Fyrst talar hann um tré þekkingarinnar og það tilheyrir því ríki sem Kain lagði grunninn að. Þetta tré er nefnt í sköpunarsögu 1. Mósebókar sem skilningstré góðs og ills - tréð sem varð Adam og Evu að falli er þau borðuðu eplið af því. Guð hafði sagt að þau myndu deyja ef þau borðuðu af því en höggormurinn sagði Evu að þau myndu ekki deyja heldur myndu þau verða eins og Guð og geta skilið milli góðs og ills. Syndafallið leiddi af sér að Adam og Eva voru rekin úr aldingarðinum Eden en sonur þeirra var Kain sem drap Abel bróður sinn.<sup>82</sup> Það er Kain sem kemur fram í andasæringunum hjá Júlíanusi og segir ávöxt glæps síns hafa verið lífið sjálft en undirstaða lífsins sé dauði (bls. 187-188). Þetta getur skilist á tvo vegu; annars vegar er lífið á jörðinni grundvallað á dauða Adams og Evu frá aldingarðinum Eden og er þau hefja lífsbaráttuna eins og við þekkjum hana og hins vegar er það byggt á dauða Abels en fyrir hann var Kain gerður útlægur en friðhelgur og stofnar samfélag manna á jörðinni. Maðurinn verður meðvitaður um sjálfan sig og frá þessum tíma leitar hann að þekkingu og yfirráðum. Sem afleiðing af þessum atburðum við skilningstré góðs og ills kemur ríkið sem byggt er á krossins tré er Jesús dó fyrir misgjörðir alls mannkyns. Þá kemur ríki sonarins sem boðar öllum mönnum að sættast við Guð með því að trú á Jesú. Þetta ríki er tengt Júdasi Ískaríosi í særingunum þar sem svik hans við Jesú hafi orðið til þess að Jesús var tekinn höndum og krossfestur og dýrð Guðs hafi opinberast mönnum (bls. 189).

Í leikritinu lætur Ibsen Maxímus tala um þriðja ríkið sem sé grundvallað bæði á tré þekkingarinnar og tré krossins og lifandi lindir þess séu undir lundi Adams og Golgata (bls. 186-187). Hvað er þetta þriðja ríki sem á að vera sameining hinna tveggja? Eftir að hafa mótmælt því í upphafi skilur Júlíanus það sem gerist þannig að hann sé sá útvaldi og eigi að leggja þriðja hornsteininn sem sé þetta ríki. Þetta ríki á að vera á jörðinni þar sem sameining ríkjanna þýðir raunverulega að öll trúarbrögð, heimspekikenningar og annað lifir hlið við hlið í sátt og samlyndi. En þar sem Ibsen lætur tré fylgja hvoru ríkinu fyrir sig er eðlilegt að spyrja um þriðja tréð - hvort það sé eitthvað tré sem fylgi þessu þriðja ríki. Þar sem hin tvö trén eru í Biblíunni hlýtur að vera raunhæft að álykta sem svo að þriðja tréð sé einnig í Biblíunni þó að Ibsen nefni það hvergi. Í 1. Mósebók er annað tré nefnt samhliða skilningstré góðs og ills en það er lífsins tré. Er Adam og Eva höfðu óhlýðnast Guði setti hann kerúba og loga hins sveipanda

---

<sup>82</sup> 1. Mós. 2-3.

sverðs til þess að gæta vegarins að lífsins tré svo mennirnir tækju ekki af því og lifðu eilíflega.<sup>83</sup> Júlíanusi tekst ekki að skapa þriðja ríkið á jörðinni en að orsök þess verður komið seinna. Með því að taka lífsins tré inn sem þriðja tréð er bent fram til eilífs lífs mannsins en það er ekki á jörðinni heldur við endurkomu Jesú þegar hann heldur dóm yfir mönnunum. Áður er minnst á hvernig Ibsen vísar til spádóma um endalokin í Daníelsbók en lífsins tré er nefnt í tveimur bókum í Biblíunni. Fyrir utan 1. Mósebók er það nefnt þrisvar sinnum í Opinberunarbók Jóhannesar sem fjallar um endalok tímans og lífs á jörðinni eins og seinni hluti Daníelsbókar.

„Hver sem eyra hefur, hann heyri hvað andinn segir söfnuðunum. Þeim er sigrar, honum mun ég gefa að eta af lífsins tré, sem er í Paradís Guðs.“<sup>84</sup>

„Á miðju stræti borgarinnar, beggja vegna móðunnar, var lífsins tré, sem ber tólf sinnum ávöxt. Á mánuði hverjum gefur það ávöxt sinn, og blöð trésins eru til lækningar þjóðunum.“

„Sælir eru þeir, sem þvo skikkjur sínar. Þeir fá aðgang að lífsins tré og mega ganga um hliðin inn í borgina.“<sup>85</sup>

Opinberunarbókin talar um þúsundarárikið sem undanfara þess að jarðlífið taki enda. Þá er Satan bundinn og honum kastað í undirdjúpin svo hann leiði þjóðirnar ekki afvega. Þá lifna við þeir sem hafa látið líf sitt vegna trúar sinnar á Krist og ríkja með honum í þúsund ár en aðrir lifna ekki við fyrr en eftir þann tíma.<sup>86</sup> Ef þetta er lagt til grundvallar þriðja ríkinu þá tengist lífsins tré því þúsundarárikinu og síðan eilífu lífi þeirra trúðu en ekki lífinu hér á jörðinni í þeirri mynd sem við þekkjum það. Samkvæmt þessu eru Júlíanus og Maxímus að leggja annan skilning í þriðja ríkið, staðsetningu þess og tilgang heldur en þann er liggur undir í andasæringunum eða þá að andarnir villa fyrir þeim með vilja og skilaboðin verða óljós. Þegar Wyller ræðir um þriðja ríkið tekur hann fram að Ibsen hafi ekki verið heimspekingur, kenningar hans hafi ekki alltaf verið rökréttar eða án mótsagna og þess vegna sé ekki hægt að setja það sem hann er að gefa í skyn upp í ákveðið kerfi. Wyller vísar einnig til þess hvernig Ibsen notar Daníelsbók því að Daníel var spámaður „ríkisins“ en í ritinu er einnig spáð fyrir um endalokin og þannig bendir hún fram til Opinberunarbókarinnar.<sup>87</sup> Eins og fram kemur seinna er Júlíanus í andstöðu við kristna trú og ofsækir fylgismenn hennar en miðað við fyrstu tvö trén þá hlýtur hún (kristin trú) að vera forsendan í því að þriðja ríkið sé komið til að vera og þess

<sup>83</sup> 1. Mós. 2-3.

<sup>84</sup> Op. Jóh. 2:7.

<sup>85</sup> Op. Jóh. 22:2 og 14.

<sup>86</sup> Op. Jóh. 20:1-6

<sup>87</sup> Wyller, bls. 38-39.

vegna mistekst honum að skapa þriðja ríkið - mikilvægustu stoðina vantar undir það. Árið 1887 hélt Ibsen ræðu við hátíðahöld í Stokkhólmi og þar sagði hann meðal annars:

„Við ýmis tækifæri hefur því verið haldið fram að ég væri svartsýnn. Það er ég líka á þann hátt að ég trúi því ekki að hugsjónir manna vari að eilífu. En ég er einnig bjartsýnn þar sem ég trúi fullt og fast á að þær nái að skjóta rótum, vaxa og þróast áfram. Til þess að vera nákvæmari trúi ég því að hugsjónirnar á okkar tímum á sama tíma og þær hrynja hafi tilhneigingu í áttina að því sem ég í leikriti mínu *Keisari og Galilei* hef gefið í skyn með því að kalla það þriðja ríkið. Leyfið mér að tæma glas mitt fyrir því sem verður - fyrir því sem kemur.“<sup>88</sup>

Þessi ræða er haldin nokkrum árum eftir að *Keisari og Galilei* kemur út og sýnir að Ibsen trúir áfram á það að þriðja ríkið komi en hann ræðir einnig um hugsjónirnar sem muni ná að breiðast út. Guðfræðingurinn H.L. Martensen, sem Kierkegaard var reyndar mjög uppsigað við, var vel þekktur í Kaupmannahöfn og eins og áður greinir tengir hann hugmyndina um þriðja ríkið við þúsundaráriki Biblíunnar og setur hana í samhengi við konungsríki Guðs á meðal manna. Samkvæmt Wyller er ekki hægt að skilja þessi orð Ibsens um ríkin tvö með því að hugsa einungis um hugmyndaheim Grikkja annars vegar og kristna trú hins vegar heldur fyrst og fremst ríki keisarans og ríki Guðs sem er einmitt það sem titill leikritsins gefur til kynna hjá Ibsen.<sup>89</sup>

Átökin á milli þessara ríkja munu alltaf vera til staðar segir Ibsen á sama stað. En þriðja ríkið vex fram og festir rætur allsstaðar þar sem kærleikurinn ræður í reynd, svo notað sé hugtak frá Søren Kierkegaard, eða til að setja það enn meir á oddinn og segja það í anda Makrínu og píslarvottakirkjunnar - þar sem Jesús Kristur friðþægir ósáttfúsa menn í áframhaldandi ósáttfýsi þeirra.<sup>90</sup>

Þetta styður það að þegar Ibsen talar um þriðja ríkið þá sé hann með þúsundaráriki Biblíunnar í huga þar sem lífinu á jörðinni er stjórnað af því jákvæða - Guði - og hið

<sup>88</sup> „Man har ved forskellige anledninger sagt om mig at jeg er pessimist. Og det er jeg også, for så vidt som jeg fuldt og trygt tror på idealernes forplantningsevne og på deres udviklingsdygtighed. Navnlige og nærmere bestemt tror jeg at vor tids idealer, i det de går til grunde, tenderer imod det, jeg i mit drama „Kejser og Galilæer“ har antydnet ved betegnelsen „det tredje rige“. Tillad mig derfor at tømme mit glas for det vordende - for det kommende.“ Daniel Haakonsen, *Henrik Ibsen*, H. Aschehoug & Co., Oslo: 2003 (1981), bls. 242.

<sup>89</sup> Wyller, bls. 41.

<sup>90</sup> „Brytningene disse to riker imellom vil, sier Ibsen samme sted, „alltid bestå“. Men det tredje rike vokser frem og etablerer seg overalt hvor Kjærligheten råder i grunnen, for å hente et uttrykk fra Søren Kierkegaard, eller mer tilspisset sagt i Makrinas og martyrkirkens ånd: hvor Jesus Kristus forsoner de uforsonlige i deres fortsatte uforsonlighet.“ Wyller, bls. 41,

neikvæða fær ekki að komast þar að þannig að ekkert truflar sambúð Guðs og manna. Það er nauðsynlegt að hið neikvæða sé tekið burt - eða það sem Biblían kallar Satan - annars breytist staðan ekki á jörðinni því sagan hefur sýnt að mennirnir eru ekki færir um að leggja af eigingirni og meting. Í þriðja ríkinu breytist lífið þannig að þekking og listir lifa saman hlið við hlið og jafnvægi ríkir því neikvæðni, ágreiningur, illgirni og metingur er tekinn burtu og mennirnir búa saman í eindrægni.

Með því að setja lífsins tré inn sem þriðja tréð er hægt að renna stoðum undir aðra kenningu þegar rætt er um þriðju veruna í andasæringum Maxímusar. Sá þriðji er ekki meðal skugganna - hann er ekki meðal hinna dánu - hann lifir. Júlíanus gerir ráð fyrir því að það sé verið að benda á annað hvort hann eða Maxímus sem eru til staðar við andasæringarnar en Maxímus segir: „Hér eða þar eða meðal hinna ófæddu - ég veit það ekki“ (bls. 190).<sup>91</sup> Það er sem sagt ekki hægt að vita fyrir víst um hvern andarnir er að tala. Koma sendimanna keisarans verður til þess að orðin eru túlkuð á þann hátt að Júlíanus sé sá sem er útvalinn. Johnston segir andasæringarnar gefa rúm fyrir efa um það hver eigi að verða sá þriðji stóri. Júlíanus lítur á komu sendimannanna sem tákni þess að þetta snúist um hann þó að Maxímus sé ekki sannfærður um það. Það að Júlíanus skuli taka við hinu jarðneska ríki er afleiðing þess að hann er að snúast til heiðinnar trúar.<sup>92</sup>

Það er þó einn sem ekki er í ríki hinna dauðu heldur tengist hinu lifandi tré á þann hátt að mennirnir hafa aðgang að því gegnum hann - en það er Kristur - Galíleinn sem Júlíanus er um það bil að segja skilið við. Fyrri endurkoma Krists tengist upphafi þúsundarárísins og þar á að ríkja friður og eining meðal manna. Sá þriðji á, samkvæmt andasæringunum, að gera það sem búið er að segja fyrir um og sem nauðsynlegt er - og það er nauðsynlegt að bæta fyrir það sem hinir tveir, það er Kain og Júdas Ískariót, brutu af sér gagnvart Guði og mönnum. Kristur bætir fyrir það með krossdauða sínum og opnar fyrir stofnun þriðja ríkisins, það er þúsundarárísins. Þannig fá andasæringarnar, þó heiðnar séu, ákveðinn undirtexta sem vísar beint í Kierkegaard og þá heimspeki/guðfræði sem hann stóð fyrir þar sem hin kristna kenning og hugtök í Biblíunni liggja til grundvallar. Þörf Júlíanusar fyrir að mæta öndunum sprettur af hugarangist hans og leit að kjölfestu í lífinu en eins og áður hefur verið nefnt þá leiðir angistin hann, samkvæmt Kierkegaard, villur vega og burt frá Guði.

<sup>91</sup> „Her, eller hist, eller blant de ufødte; -jeg vet ikke“

<sup>92</sup> Johnston, bls. 258.

## Júlianus sem Cæsar

Þetta er staðan þegar Júlianus tekur við útnefningunni sem Cæsar þrátt fyrir það að vinir hans Gregor og Basilíus vari hann við því að gera það (bls. 192-193). Júlianus er um það bil að yfirgefa kristindóminn þó að hann hafi ekki tekið endanlega ákvörðun og er orðinn krónprins ríkisins. Þetta er hættuleg staða því Konstantíus mun ekki hika við að ráða Júlianus af dögum eins og hann hefur gert við fjölskyldu hans ef hann telur einhverja ógn stafa af honum enda spyr Júlianus Leontes hvert hann ætli með hann og á þá ekki við staðsetningu heldur hvert för hans leiði - til valds og dýrðar eða til slátrunar (bls. 194). Andasæringarnar hafa ekki náð að veita honum þann frið sem hann sóttist eftir heldur beina þær honum á braut þar sem óöryggið og angistin er daglegt brauð eins og seinna verður komið að. Hefur hann þá algerlega glatað trúnni? Í Vín stendur hann frammi fyrir því að verða að taka endanlega ákvörðun þó hann vilji helst sleppa við það. Við sjáum hvernig kristindómurinn heldur honum fast. Hann talar um hversu gott þeir eigi sem trúir á hina grísku guði, þeir guðir séu langt í burtu, þeir hindri engan og gefi fólki svigrúm til þess að athafna sig (bls. 227). Við Maxímus segir hann að hjá sér ráði þögn og myrkur og áfram að ótti við keisarann og Krist hafi ráðið ríkjum í lífi sínu. Kristur hafi stigið í veg fyrir hann, stór og strangur, hvert sem hann vildi fara með skilyrðislausar og miskunnarlausar kröfur. Allt mannlegt sé óleyfilegt eftir að sjáandinn frá Galíleu hafi tekið við yfirráðum. Hin innsta heilbrigða sál rísi upp og andmæli þessu „...og samt eigum við að vilja þvert á okkar eigin vilja!“ (bls. 230).<sup>93</sup> Þetta sé ekki einungis kenning heldur líka galdur sem heldur huganum föstum (bls. 231). „Ég held að sá sem hafi einu sinni verið honum undirgefinn geti aldrei orðið frjáls aftur.“ (bls. 231).<sup>94</sup> Maxímus svarar honum að það sé vegna þess að hann vilji það ekki og Júlianus spyr á móti hvernig hægt sé að vilja hið ómögulega, (bls. 231). Þá setur Maxímus keisara og Galílea upp á móti hvorn öðrum í fyrsta sinn í leikritinu (bls. 231) og eins og Wyller bendir á þá er ekki verið að tala um Konstantíus heldur Júlianus sjálfan og til þess að geta stjórnað ríki sínu í birtu og gleði þá verði hann að skera á allt það sem bindur hann við Galíleann.<sup>95</sup>

<sup>93</sup> „...og dog skal vi ville tvert imot vor egen vilje!“

<sup>94</sup> „Den, som engang har været under ham, - jeg tror aldrig han kommer helt løs.“

<sup>95</sup> Wyller, bls. 98.



Kierkegaard fjallar á einum stað um mann sem kvartar undan því að hann sé að glata trúnni. Þegar betur er að gáð þá er hann einmitt kominn á það stig að framkvæma hreyfingu hinnar óendanlegu auðsveipni en sú hreyfing gerir það að verkum að hann glatar öllu en er jafnframt forsenda trúarinnar.<sup>96</sup> „Það þarf ósvikinn, mannlegan kjark til að afsala sér öllum stundlegleikanum og vinna þar með eilífðina, en hana vinn ég og henni get ég ekki um alla eilífð afsalað mér.“<sup>97</sup> Hreyfingin felur það í sér að maðurinn sættir sig við það að sleppa tímanlegum gæðum til þess að öðlast æðra hnoss. Henni fylgir hvíld og friður og í henni verður mannum einnig ljóst eilífðargildi sitt.<sup>98</sup>

Þegar orð Júlíanusar eru skoðuð með þetta í huga verður ennþá ljósara hvernig hann stendur á tímamótum. Hann finnur hvernig togað er í hann úr tveimur áttum og hann er ekki eins langt frá kristinni trú og honum finnst sjálfum. Þó sér hann aðeins kröfur án miskunnar sem og angist og ótta en kemur ekki auga á það sem raunverulega felst í trúnni. „Með trúnni afsala ég mér ekki neinu, með trúnni höndla ég þvert á móti allt...“<sup>99</sup> Júlíanus getur ekki ákveðið sig og spurningin er raunverulega sú hvað verður til þess að ýta honum í aðra hvora áttina. Þegar prestarnir koma til hans til þess að segja honum að kraftaverk eigi sér stað við kistu Helenu þá brestur eitthvað innra með honum (bls. 233). Trú Helenu hafði sýnt sig að vera jafn innantóm og hjá mörgum öðrum innan keisarahirðarinnar og hún hafði verið Júlíanusi ótrú meðan hann var í burtu með hersveitum sínum. Hann sér hræsnina og afræður að stíga niður í djúp katakombunnar til að færa heiðnum guðum fórn.

Wyller bendir á hvernig Júlíanus yfirgefur millistig sitt, það er að hann er hvorki uppi í kirkjuskípinu eða niðri í djúpum katakombunnar, til þess að fara niður í djúpið og síðan upp í kirkjuskípið. Fórnin í djúpinu hefur mátt til þess að leysa upp sáttmála trúarinnar við Krist og hreinsa hann af skírnavatninu. Þannig fer hann gegnum myrkur til ljóss en spurningin samkvæmt Wyller er sú hvort sú hreinsun hefur verið nógu góð. Á yfirborðinu virðist svo hafa verið en ef marka á heimild Ibsens fyrir þessu atviki, það er Gregor frá Nazianz, verður svarið nei og Ibsen virðist standa með Gregor í því sem máli skiptir. Þetta er atvikið þar sem Júlíanus misstígur

<sup>96</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 109-110.

<sup>97</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 110.

<sup>98</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 105-107.

<sup>99</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 110.

sig og verður rötin að falli hans.<sup>100</sup> Hann fær sig ekki til þess að framkvæma hreyfingu hinnar óendanlegu auðsveipni og snýr þar af leiðandi baki við kristinni trú. Angistin sem búið hefur um sig hjá honum frá barnæsku hefur knúið hann áfram í sífellu í leit að jafnvægi og frið í sálinni. Þó hann haldi sig hafa fundið svarið og öðlast það sem hann hefur leitað að er ljóst í seinni hluta leikritsins að þannig er það ekki. Ibsen kann sinn Kierkegaard og veit að angistin getur leitt menn villur vega og ef ekki er leitað á réttum stöðum (samkvæmt Kierkegaard) er engan frið að fá. Fórnin í djúpinu nær ekki að hreinsa huga Júlíanusar af kölluninni til trúar á Galíleann. Júlíanus er stöðugt meðvitaður um mátt hans því hann sér hann allt í kringum sig hjá því fólki sem stendur fram sem boðberar hinnar sönnu trúar.

Kierkegaard/Johannes de silentio segist hafa horfst í augu við skelfinguna en þó ekki lagt á flóttu. Kjarkur hans sé þó ekki kjarkur trúarinnar.<sup>101</sup> Kjarkur Abrahams var aftur á móti kjarkur trúarinnar og hann trúði í krafti fjarstæðunnar vegna þess að mannlegur útreikningur náði ekki yfir það sem hann var beðinn um að framkvæma.<sup>102</sup> Abraham hefur framkvæmt hreyfingu hinnar óendanlegu auðsveipni og öðlast trúna. Guð krefst af honum einhvers sem er ógerlegt og ósiðlegt samkvæmt okkar viðmiðum. Kierkegaard segir að Abraham hafi trúað því að hann yrði ekki krafinn um Ísak þegar til kastanna kæmi en ef svo yrði þá var hann tilbúinn til þess að hlýða.<sup>103</sup>

Júlíanus og Abraham mæta því báðir kalli Guðs en bregðast við á þveröfugan hátt. Júlíanus snýr sér undan og hafnar bæði kallinu og Kristi. Hreyfing hinnar óendanlegu auðsveipni verður honum um megn og hann kýs að fara sínar eigin leiðir þar sem hann er sjálfur við stjórnvölinn. Kierkegaard segir að til þess að framkvæma hreyfingu hinnar óendanlegu auðsveipni þurfi kraft, orku og frelsi andans og að sér sortni fyrir augum í hvert skipti sem hann ætli að framkvæma þessa hreyfingu.<sup>104</sup> Júlíanus hefur tæplega frelsi andans þar sem hann er bundinn af angist sinni og ótta við keisarann, prestana og Guð og þar sem hann er í katakombunum og á í baráttu um hvaða leið hann eigi að velja þá er einnig hægt að orða það svo að honum sortni fyrir augum þegar hann stendur frammi fyrir því að framkvæma hreyfingu auðsveipinnar.

<sup>100</sup> Wyller, bls. 100-102.

<sup>101</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 85-86.

<sup>102</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 89.

<sup>103</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 89.

<sup>104</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 108-109.

Hann ákveður því að snúa baki við ríki Guðs en á sama tíma tekur hann þá ákvörðun að gerast keisari í hinu veraldlega ríki og setur sjálfan sig þannig upp á móti Kristi.

Abraham er algjör andstæða Júlíanusar, hlýðir kallinu og heldur fast við trúna þó að það sem Guð fer fram á við hann sé nánast ofurmannlegt. Það sem er forsendan fyrir fórninni samkvæmt Kierkegaard er að elska Guð af allri sálu sinni, án þess verður þetta ekki fórn heldur illvirki.<sup>105</sup> Abraham gerir þetta bæði vegna Guðs og sjálfs sín. Guð krefst þess að hann sanni trú sína á hann. Abraham ákveður að færa Guði fórnina sín vegna til þess að geta fært fram sönnunina. Kierkegaard segir að einingu þessara tveggja sjónarmiða sé rétt lýst með því að nota orðið freisting. Almennt séð er freisting það sem letur manninn í því að gera skyldu sína. Í tilfalli Abrahams er freistingin siðferðið sjálft sem vill fá hann ofan af því að gera vilja Guðs.<sup>106</sup> Þetta kallar Kierkegaard þverstæðu trúarinnar þar sem ef maðurinn gerir eitthvað sjálfs sín vegna þá er það eigingirni en sé það gert Guðs vegna þá tjáir það algjöra hollustu við hann.<sup>107</sup>

Hjá Júlíanusi er freistingin sú að verða stór, verða keisari. Siðferðið notar hann sem afsökun fyrir því að snúa baki við kristinni trú, það er að segja vöntun á siðferði hjá hinum kristnu og hræsni þeirra. Siðferðið er þeim því báðum þrándur í götu en þeir bregðast við því á ólíkan hátt; Júlíanus með því að nota það sem átyllu fyrir að falla frá trúnni, Abraham hefur sig yfir siðferðið með vísan til þess að Guð sé öllu æðra. Hann er einmana maður sem gengur upp á Móríafjall á meðan sá sem horfir á stendur við rætur fjallsins og skelfur í angist.<sup>108</sup> Einstaklingurinn sem víkur frá siðferðinu í æðra skyni er samkvæmt Kierkegaard „...til sem hinn staki í andstöðu við hið almenna.“<sup>109</sup> Abraham afsalar sér hinu endanlega til þess að höndla hið óendanlega, hann lætur hið almenna, það er hið siðferðilega viðmið mannanna, lönd og leið til þess að höndla eitthvað ennþá æðra.<sup>110</sup> Abraham spyr sig hvað hann geti gert fyrir Guð en Júlíanus spyr hvað Guð hafi gert fyrir hann (bls. 233).

Munurinn á þessum tveimur í hnotskurn þegar kemur að því að hlýða kalli Guðs felst í því fyrir hvern þeir breyta eins og þeir gera. Á meðan Abraham hugsar bæði um Guð og sjálfan sig þá hugsar Júlíanus eingöngu um sjálfan sig og lætur eigin hagsmuni ráða því

<sup>105</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 88.

<sup>106</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 128-129.

<sup>107</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 146.

<sup>108</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 131.

<sup>109</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 131.

<sup>110</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 129.

sem hann gerir og segir. Á meðan hann tekur þá ákvörðun að snúa baki við Kristi lætur Ibsen sálmasönginn hljóma frá kirkjuskipinu. Í lok þessa fyrri hluta leikritsins er Faðir vor sungið og setningar úr því koma inn á milli samtals Júlíanusar og samferðamanna hans (bls. 235-236). Það undirstrikar enn frekar að Júlíanus sé hér að misstíga sig, eins og Wyller heldur fram, og dregur fram andstæðu ljóss og myrkurs, kristindóms og heiðindóms. Ef litið er á upphaf leikritsins verður þetta enn skýrara. Þá er páskanótt í Konstantínópel og lofsöngur hljómar úr kirkjunni sem segir að slöngunni hafi verið kastað niður í iður jarðar og lambið (Guðs lamb) hafi sigrað, á jörðinni ríki helgi (bls. 137). Síðasta setning leikritsins er síðan lok Faðirvorsins - að eilífu, amen (bls. 236). Það hvernig Ibsen velur að ramma inn þennan fyrrihluta segir þónokkuð um þann grunn sem leikritið hvílir á og birtist sem andstæða þess sem Júlíanus velur að gera. Það verður til spennu í kringum afneitun Júlíanusar. Wyller segir að Maxímus haldi sig hafa unnið sigur því afneitun Cæsars bæði á Galíleanum og keisaranum sé mjög afgerandi. „Það er þó einungis tímanlegur sigur. Kórinn lítur á þetta stærri augum. Það staðsetur sig sjálft og allt (amen) undir sjónarhorn eilífðarinnar, síðustu orð þessa hluta. Og við munum sjá að það gerir Ibsen einnig.“<sup>111</sup>

### Júlíanus keisari

Við mætum Júlíanusi í Konstantínópel eins og í upphafi fyrri leikritsins. Nú er Konstantíus keisari látinn og Júlíanus hefur tekið við krúnunni. Við líkbörurnar gerir Júlíanus fólki það ljóst að hann hefur snúist til trúar á hina gömlu guði samtímis því að hann segir trúfrelsi ríkja í ríkinu (bls. 244). Wyller bendir þó á að frá því að vera ráðsnar og ákveðinn Cæsar þá hefur hann breyst í veikgeðja og raunveruleikafirrtan keisara og heldur því fram að blóðfórmin til Helíasar í I,5 hafi breytt honum því með henni hafi hann yfirgefið lifandi trúarbrögð (með sínar góðu og slæmu hliðar), tekið á móti dauðum trúarbrögðum og þar með hafi hann ekki fastan grunn undir sér og breytni hans verði krampakennd án innri og ytri tilgangs.<sup>112</sup> Hann bendir einnig á muninn á fórnarathöfninni í katakombunum og þeirri sem Júlíanus stendur fyrir í

<sup>111</sup> „Men det er eventuelt en seier i tiden. Koret ser større på det. Det innordner seg og alt (amen) under evighetens synsvinkel, denne dels siste ord. Og det skal vi se at også Ibsen gjør.“ Wyller, bls. 103.

<sup>112</sup> Wyller, bls. 119.

fyrsta þætti seinna leikritsins. Sú fyrri einkenndist af sálarneyð Júlíanusar en sú seinni verður að athöfn í fullu dagsljósi á vegum ríkisins.<sup>113</sup>

Í þessum fyrsta þætti leikritsins sést einnig hvað gerist þegar þeir sem hafa játað kristna trú mæta viðhorfum Júlíanusar. Það verða skil þar því annaðhvort sjá þeir hag sínum betur borgið með því að halda velvild keisarans eins og hárskerinn Evnapíos og fyrrum kennari Júlíanusar Hekebólíus eða þeir styrkjast í trúnni og hvorki hótanir né gylliboð geta fengið þá til þess að ganga til liðs við trú Júlíanusar. Þar á meðal er líflæknirinn Cæsarius, bróðir Gregors af Nazianz, og Úrsúlus fjárhirðir ríkisins sem neitar að víkja frá sannleikanum þó að Júlíanus reiðist honum og komi með hótanir (bls. 252-254). Samt hafa reglulegar ofsóknir gegn hinum kristnu ekki hafist ennþá. Júlíanus spyr aðeins hvað hann geti gert við því að þeir sem séu handteknir séu allir kristnir. Þetta sýni bara að þeir hafi rænt mikilvægum embættum en þeim verði ekki haldið án dóms og laga (bls. 264). Hann segist ekki vilja smjaður við hirðina en þekkir það svo ekki sjálfur þegar þeir sem í kringum hann eru segja aðeins það sem þeir halda að hann vilji heyra.

Eins og í fyrri hluta leikritsins virkar hann trúgjarn en vísar sér undan því að taka af skarið og sýna af sér keisaralegan myndugleika. Þó að hann segist óttast að taka við stjórn ríkisins eftir Konstantíus, sem hafi verið dyggðugur og elskaður keisari (bls. 242) er ekki hægt að taka því alvarlega ef horft er á það sem hann hefur áður sagt um keisarann. Þetta er því meira í ætt við þá hræsni sem hann hefur sakað hina kristnu um fyrr í leikritinu. Það er sennilegra að það sem hann segir aðeins seinna um að hrollur fari um hann við tilhugsunina um þær væntingar sem gerðar eru til hans sé nær sannleikanum (bls. 242). Í sömu andrá segir hann að aðeins guð geti ráðið yfir mönnunum en það sýnir þær hugsanir sem hann gengur með og lætur verða af seinna - að fólkið verði að tilbiðja hann sem guð (bls. 242). Hann spyr einnig hvort Markús Árelíus sem hann vill gjarnan verða líkt við hafi ekki líka verið æðstiprestur (bls. 244) og undirstrikar það hvert hann stefnir. Í viðskiptum Júlíanusar við Úrsúlos sést að kenning og lífernir á ekki alltaf samleið hjá honum frekar en hjá þeim sem tilheyrðu hinni fyrri keisarahirð.

Júlíanus tekur síðan þá ákvörðun að fara frá Konstantínópel og ástæðan sem hann gefur upp er sú að Galílearnir hafi eitruð fyrir honum andrúmsloftið (bls. 266). Hann er því strax lagður á flóttu, leit hans er ekki á enda þó hann hafi hitt andana við

---

<sup>113</sup> Wyller, bls. 109.

andasæringarnar og fórnað til Helíósar. Athyglisvert er hvernig Júlíanus blandar saman heiðni og kristni við fórnarathöfnina í Konstantínópel. Hann er klæddur sem guðinn Diónýsos en velur að ríða á asna eins og Jesús gerði við innreiðina í Jerúsalem á pálmásunnudag (bls. 258). Wyller bendir á að í síðantíkinni hafi ekki verið óvanalegt að bera saman Jesús og Diónýsos. Í báðum felst líf sem er handan dauðans þannig að til þess að eignast þetta líf verður að fara í gegnum dauðann og báðir standa fram sem frelsarar þó á mjög ólíkan hátt. Ætlun Júlíanusar var greinilega að sameina Diónýsos og hinn krossfesta en sú fyrirætlun mistókst algjörlega.<sup>114</sup>

Júlíanus virðist eiga erfitt uppdráttar í trúarsannfæringu sinni og eins hefur það örugglega reynst Abraham erfitt að halda í sannfæringuna þegar hann fær boðið um að fórna Ísak. En Abraham trúði ekki bara á hið komandi líf heldur einnig á það líf sem hann lifði á jörðinni. Kierkegaard tekur það einmitt sérstaklega fram og segir að trúin á framhaldslíf sé „...fjarlægasti möguleiki trúarinnar sem greinir óljóst markmið sitt yst við sjóndeildarhring, á milli skilur þó hyldýpisgjá og í henni leikur örvæntingin listir sínar.“<sup>115</sup> Trú Abrahams var að trúa hinu fjarstæða, að geta lagt upp í ferð sína fullur trúnaðartrausts því það hefði verið honum auðveldara að reka hnífinn í eigin brjóst heldur en í brjóst sonarins sem hann elskaði.<sup>116</sup> Ronald M. Green fjallar um þá sannfæringu Kierkegaards hvernig þeir sem eru kristnir geta þurft að mæta kröfum sem ganga frammar skyldum við fjölskyldu og þjóð.

„Með þeirri uppástungu að þess geti verið krafist af þeim kristnu að þeir fari út fyrir takmörk fjölskyldu eða þjóðernis til þess að koma á þeirra eigin sambandi við hið algilda þá eru þemu skuldbindinga, ósigrá, óendanlegrar uppgjafar og trúar styrkt og gerð áþreifanleg. Kristinn kærleikur kemur fram sem óeigingjörn umhyggja sem á rætur að rekja til andlegrar höfnunar á öllum eignarréttarkröfum.“<sup>117</sup>

Abraham var fús til þess að fórna öllu sínu fyrir samband sitt við Guð og vegna þeirrar sannfæringar að líf hans og allt sem hann kallaði sitt, þar á meðal sonur hans, væri eitthvað sem Guð gæti krafist af honum hvenær sem væri. Ef Abraham hefur strítt við efa þá fá lesendur 1. Mósebókar ekki að vita af honum, ekki frekar en

<sup>114</sup> Wyller, bls. 116.

<sup>115</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 68.

<sup>116</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 68-69.

<sup>117</sup> „With the suggestion that Christians may be required to go beyond the confines of family or nation to establish their own relation to the absolute, the themes of commitment, loss, infinite resignation, and faith are amplified and made concrete. Christian love emerges as selfless care rooted in the psychic renunciation of all proprietary claims.“ Ronald M. Green, bls. 276.

angist hans og ótta sem Kierkegaard gerir þó ráð fyrir að hafi fylgt með á leið til Móríafjalls. *Uggur og ótti* greinir frá því hvernig sambandið við Guð gengur fyrir allri félagslegri samþættingu sjálfsins.<sup>118</sup> Það stendur ofar öllu sem maðurinn mætir og er þátttakandi í á lífsleiðinni.

Júlíanus skynjar þessar kröfur Guðs. Í kallinu sem miðlað er frá Agaþon felst að hann verður ekki keisari en það er hugsun sem Júlíanus getur ekki sleppt þó að hann segi annað. Þegar tækifærið kemur þá grípur hann það og keisaratignina í leiðinni. Hann vill ekki sleppa jarðneskum hlutum til þess að geta öðlast samband við hinn eilífa. Andarnir og hinir gömlu guðir, eins og hann kallar þá, veita aftur á móti svigrúm til þess að taka og njóta jarðneskra gæða. Eins og fram kemur í andasæringunum finnst Júlíanusi einnig eins og hann geti haft beint samband við andana (sem er það sem hann vill) á meðan angistin gagnvart Guði hefur tekið sér bólstað hjá honum. Ef til vill er það angist eins og Kierkegaard talar um í einni af dagbókarfærslum sínum. „Innst í hugarfylgsnum sérhvers manns býr angistin við þann möguleika að vera einn í heiminum, gleymdur af Guði, óséður af þeim milljónum á milljónir ofan sem tilheyra þessu heimilishaldi.“<sup>119</sup> Frekar en að hætta á það að finnast hann vera gleymdur af Guði þá leitar Júlíanus á önnur mið og finnur því ekki það frelsi sem angistin getur leitt hann til samkvæmt Kierkegaard. Gordon D. Marino segir að það séu ekki margar greinilegar línur í ritinu *Begrebet Angest* en tvær séu þó ákveðnar, það er að angist sé samheiti yfir möguleika til frelsis.<sup>120</sup> Þó að Júlíanus hafi snúið baki við Guði þá er ekki þar með sagt að angist hans hafi horfið. Þvert á móti - hún er til staðar og tekur á sig nýjar myndir.

Eftir Diónýsosarskrúðgönguna segir hann við sjálfan sig að sjáandinn frá Nasaret hafi setið til borðs með tollurum og syndurum og spyr síðan: „Hvaða hyldýpi liggur milli hins og þessa?“ (bls. 260).<sup>121</sup> Skrúðgangana var án fegurðar fannst honum því þar komu lestir mannanna saman. Hann er þó sífellt að bera líf sitt saman við líf Galíleans og veltir því fyrir sér hvers vegna það sé talið fagurt að Kristur hafi starfað meðal syndara og hinna lægst settu í samfélaginu en lágkúrlegt þegar Júlíanus

<sup>118</sup> Ronald M. Green, bls. 277.

<sup>119</sup> „Deep within every human being there still lives the anxiety over the possibility of being alone in the world, forgotten by God, overlooked among the millions and millions in this enormous household.“ Gordon D. Marino: „Anxiety in *The Concept of Anxiety*“, *The Cambridge Companion to Kierkegaard*, ritstj. Alastair Hannay og Gordon D. Marino, Cambridge University Press, Cambridge: 1998, bls. 320. Mér tókst ekki að finna þessa dagbókarfærslu í ritum Kierkegaards og þess vegna er vitnað í ummælin í þessari grein.

<sup>120</sup> Gordon D. Marino, bls. 317.

<sup>121</sup> „Hvori ligger svælget mellem hint og dette?“

ferðist meðal hinna sömu stétta? Kierkegaard sagði að það sem væri líkt með Sókratesi (Díónýsosi) og Kristi fælist aðallega í því sem væri ólíkt.<sup>122</sup> Hvað er þá ólíkt með Júlíanusi og Galíleanum? Það sem liggur helst í augum uppi er það sem liggur á bak við gerðir þeirra. Gjörðir Galíleans koma af kærleika til náungans en það sem Júlíanus gerir stafar af leit hans að hinu fagra og fullkomna - því sem getur fjarlægt angistina úr huga hans og veitt honum tilgang. Júlíanus finnur að það vantar eitthvað í það sem hann tekur sér fyrir hendur. Skrúðgangan opinberaði ljótleikann í samfélaginu, að því er honum fannst, og hann telur að það hafi vantað fegurðina og þar á hann líklega við fegurðina í sjálfu mannlífínu. Það sem hann virðist ekki sjá er að til þess að fegurðin komi fram þá þarf skrúðgangan og tilbeiðslan sem fylgir henni að hafa eitthvað innihald og það verður að teljast í anda Kierkegaards að tómarúmið í þessari Díónýsodýrkun hafi skapað tilfinninguna fyrir ljótleikanum.

Júlíanus leggur á flóttu frá Konstantínópel og kennir fylgismönnum Galíleans um það að hann haldist ekki við þar. Hann fer til Antíokkíu og heldur þar áfram baráttu sinni gegn hinum kristnu en sú barátta hefur það að yfirskini að verið sé að hreinsa ríkið af óréttlæti, hræsni og yfirdrepsskap. Hann varar sig þó ekki á því að hann er að falla í sömu gryfju og hann ásakar þá kristnu um og lætur það viðgangast að hjá honum við hirðina sé fólk sem sýnir honum hollustu sem er einungis á yfirborðinu til þess að það geti komist hærra í mannvirðingastigann og auðgast í leiðinni. Wyller talar um að áætlun Júlíanusar um trúfrelsi strandi í raun á þremur atriðum. Í fyrsta lagi að persóna keisarans verður að fyrirmynd fyrir fólknið þannig að hans trú fær sérstöðu, í öðru lagi að keisarinn hefur óbeit á kristinni trú og í þriðja lagi að kristin trú útilokar samgang/samvinnu við önnur trúarbrögð og þolir ekki aðra guði.<sup>123</sup> Það er því ekki raunhæft að ætla sér að veita öllum trúarbrögðum jafna stöðu enda gerist það ekki. Í öðrum þætti seinna leikritsins skerpast andstæðurnar milli kristinnar trúar og heiðninnar. Í þeim þætti eru sérstaklega þrjár senur sem sýna þetta vel og einnig viðbrögð Júlíanusar og sú togstreita sem hann á við að etja.

Gregor frá Nazianz kemur til hirðarinnar til þess að tala við Júlíanus. Hann hefur tekið prestvígslu (bls. 272) og gerir Júlíanusi grein fyrir því að hann sé að ofsækja kristna kirkju. Herra heimsins búi sig undir stríð við herra himinsins og herra líkamans við herra sálnanna (bls. 272). Hann minnir Júlíanus einnig á að hann þjóni herra sem er meiri en

<sup>122</sup> Wyller, bls. 117.

<sup>123</sup> Wyller, bls. 135.



keisarinn (bls. 272) og það sem hafi gerst við ofsóknirnar sé að fólk hafi eflst í trú sinni (bls. 273). Musteri heiðinna guða hafi verið jöfnuð við jörðu því margir litu á ofsóknirnar sem refsingu frá Guði vegna hálfvelgju í trúnni (bls. 276). Júlíanus reiðist ákaflega og það slitnar upp úr vináttu þeirra (bls. 275). Í annarri senunni mætir Appollonskrúðganga Júlíanusar kristnum föngum í hlekkjum (bls. 282). Það kemur óþægilega við Júlíanus og hann vill ekki vita af þessu. Fangarnir fagna píslarvætti sínu syngjandi og til þess að vinna gegn áhrifum þeirra skipar Júlíanus skrudgöngumeðlimum að syngja til dýrðar lífi, ljósi og hamingju. Með því býr Ibsen til samskonar stemningu og var í kirkjunni í enda fyrri hluta leikritsins þegar söngurinn myndaði andstæðu við afneitun Júlíanusar á kristindóminum. Báðir aðilar draga fram það sem þeir telja jákvætt en á meðan skrudgöngumeðlimir syngja um rósir og yfirfulltar skálir Appollons þá syngja fangarnir um hversu gott sé að síga niður í gróf fyllta af blóði og hvernig öll merki eftir pyndingar hverfi þegar komið er til himins (bls. 283-284). Þriðja senan er þegar Júlíanus hittir gamla biskupinn Marís frá Kalkedon (bls. 285). Hinn blindi biskup er sem fylltur heilagri reiði þegar hann stillir Júlíanus upp sem sekum í dauða margra og endar á því að lýsa bölvun yfir hann. Þá hrynur musteri Appollons en þeir tveir túlka þann atburð hvor á sinn hátt, biskupinn sem tákni um reiði Guðs en Júlíanus sem tákni um reiði Appollons (bls. 286-287).

Kierkegaard segir að í heimi andans sé sá einn gabbaður sem gabbar sjálfan sig.<sup>124</sup> Er þá Júlíanus að gabba sjálfan sig þegar hann heldur fram ágæti Appollons á kostnað Galíleans, þegar hann vill ekki vita af föngum í hlekkjum og á honum dynur bölvun biskupsins? Þegar litið er á það hvernig Ibsen vinnur með þetta efni áfram er hægt að komast að þeirri niðurstöðu að Júlíanus sé að blekkja sjálfan sig og reyni að halda eins fast og hann getur í það að hann geti sigrað Galíleann og orðið honum æðri því aðeins með því getur hann varið þá ákvörðun sína að afneita honum og byrja að dýrka gömlu guðina.

„Þinn guð er ekki voldugur guð. Ég skal sýna þér að keisarinn er sterkari en hann“ (bls 286).<sup>125</sup> Júlíanus reynir ákaflega að sannfæra aðra og væntanlega sjálfan sig í leiðinni að hann sé sá sterkasti. Hann verður að geta sýnt fram á keisarinn sé voldugastur og sé engum guðum háður heldur þjóni guðirnir keisaranum. Þetta er hægt að skoða í tengslum við umfjöllun Kierkegaards á sannleika og vissu. Hann segir að frelsið felist í sannleikanum og sannleikurinn geri mennina frjálsa. En

<sup>124</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 193.

<sup>125</sup> „Din gud er ingen vældig gud. Jeg skal vise deg at kejseren er stærkere end han“

sannleikurinn er aðeins fyrir hvern einstakan er hann umbreytir sannleikanum í verknað.<sup>126</sup> Síðan segir hann:

„Sannleikurinn hefur alltaf átt marga háværa prédikara en spurningin er hvort maðurinn innst inni vill kannast við sannleikann, láta hann læsa sig um allt eðli sitt, taka öllum afleiðingum hans án þess að eiga sér fylgsni í neyðartilvikum og Júdasarkoss fyrir afleiðingarnar.“<sup>127</sup>

Júlíanus er að leita að sannleikanum en eins og hægt er að skilja Ibsen í framsetningu hans á Júlíanusí er það málum blandið hvort hann vill þennan sannleika eða hvort hann, með því að afneita kristinni trú og byrja að dýrka gömlu guðina, hefur búið sér til sitt eigið fylgsni. Hann er sífellt að reyna að verja þessa ákvörðun sína og gerir lítið úr kristinni trú og spottar hana við öll tækifæri eins og í lok annars þáttar í seinni hlutanum.

Margir hafa leitað að sannleikanum og ýmsir hafa talið að þeir hafi fundið hinn eina sannleika. Fyrir Kierkegaard er bara einn sannleikur og það er hin kristna trú - ekki það sem hann kallar vanakristindóm eða nafnkristni heldur þegar maðurinn tekur trúarstökkið, gefur frá sér allt sem hann getur kallað sitt og felur sig Guði á vald. Vantrúin spottar segir Kierkegaard en það er vegna þess að hana vantar fullvissuna.<sup>128</sup> Júlíanus hefur aldrei átt þessa trúarlegu fullvissu, þess vegna hefur angistin plagað hann og ýtt honum út í endalaus leit að einhverju sem gæti satt hungur hans eftir tilgangi og markmiði í lífinu. Gunhild Hoem segir í bók sinni *Henrik Ibsens hovedverk Keiser og Galilæer* að vandi Júlíanusar sé sá að hann taki aldrei uppjör með angistina innra með sér heldur leggi á flóttu frá henni, nái þess vegna aldrei að komast á veg frelsisins og fari þá inn á leið valdsins.<sup>129</sup> Hann er því í vítahring sem hann kemst ekki út úr við þær aðstæður sem hann býr við.

Þriðji þátturinn gerist einnig í Antiókkíu og í honum skerpast enn andstæðurnar á milli keisarans/heiðninnar og fylgismanna Galíleans. Júlíanus er farinn að átta sig á hræsnurunum við hirðina og líkir þeim við hina kristnu (bls. 291). Hann mætir miklum mótbyr meðal íbúa borgarinnar því hungursneyð ríkir en nógur

<sup>126</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 126.

<sup>127</sup> „Sandheden har altid havt mange høirøstede Forkyndere, men Spørgsmaalet er, om et Menneske i dybeste Forstand vil erkjende Sandheden, vil lade den gjenemtrænge sit hele Væsen, antage alle dens Consequentser, og ikke have i Nødsfald et Smuthul for seg selv og et Judas-Kys for Consequentzen.“ Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 126.

<sup>128</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 127-128.

<sup>129</sup> Gunhild Hoem: *Henrik Ibsens hovedverk Keiser og Galilæer. Litteraturforskerenes „problembarn“*, Solum Forlag, Oslo: 2000, bls. 22-23.

matur virðist vera til fyrir guðina (bls. 295). Ofsóknir hans á hendur hinum kristnu hafa einnig skerpt andstæðurnar á milli kristinna og heiðinna borgara sem virðast hafa lifað í sátt og samlyndi fram að þessu (bls. 296). Gregor frá Nazianz stígur hér fram sem sterkur leiðtogi sem telur kjark í fólkið og minnir það á hvað skipti raunverulega máli og að hættan sem þeim sé búin komi ekki frá Júlíanusi heldur frá þeirra eigin hjörtum (bls. 299).

Í þessum þætti lætur Ibsen kristindóminn birtast í sinni hreinustu mynd. Hræsnin og eiginhagsmunabaráttan er á bak og burt því ofsóknirnar hafa hreinsað burt alla þá sem fylgdu kristinni trú af hálfvelgju og til þess að vinna sig í áliti hjá valdhöfum. Eftir eru þeir trúuðu sem taka afleiðingunum af hinum kierkegaardiska sannleika og eiga sér engin leynd fylgsni til þess að flýja til. Þeir sækja kraft sinn til trúarinnar og standa fram sem andstæður þeirra kristnu sem komu fram í upphafi leikritsins og einkenndust af smjaðri og hagsmunapotí.

Þarna mætast þeir Júlíanus og Gregor í síðasta sinn í leikritinu. Júlíanus aðvarar Gregor og segist ekki þola honum framferði hans lengur (bls. 301) en veigrar sér samt við því að láta handtaka hann hvort sem það er vegna gamallar vináttu eða vegna þess að hann sér í honum þá fullvissu trúarinnar sem hefði getað verið hans en sem hann sneri baki við. Ef til vill liggur leynd þrá þarna undir eftir því að eiga það sama og Gregor og ákefð hans við að uppræta kristna trú er svona mikil til þess að reyna að þagga niður í rödd innra með honum sem segir honum að hann sé að breyta rangt. Tilraunir hans til þess að fá fólk til þess að trúa því að hann sé stærri en Galíleinn bera keim af örvæntingu þess sem veit innst inni að hann hefur rangt fyrir sér en þarf stöðugt á ytri staðfestingu að halda til þess að geta réttlætt gjörðir sínar. Wyller bendir á það að það sé eins og illska hafi tekið sér bólfestu í Júlíanusi og framganga hans minni á ofsóknir Hitlers gegn Gyðingum í seinni heimstyrjöldinni.<sup>130</sup>

Kierkegaard hefur fjallað um angistina við hið góða og þó að hann segi að það sé ekki vaninn að ræða um hið djöfullega<sup>131</sup> segir hann að hið djöfullega sé angistin við hið góða.<sup>132</sup> Síðan setur hann það í samhengi við upphafið, það er angist Adams, þannig að í sakleysinu hafi frelsið ekki verið sett sem frelsi heldur hafi möguleiki þess komið fram í einstaklingnum sem angist. Í hinu djöfullega sé þessu snúið við því frelsið sé þar sett sem ánauð vegna þess að einstaklingurinn hefur tapað frelsinu en

<sup>130</sup> Wyller, bls. 145.

<sup>131</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 108.

<sup>132</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 112.

möguleiki frelsisins sé þar aftur angist. „Munurinn er alger því möguleiki frelsisins sýnir sig hér í sambandi við ánauðina sem er andstæða við sakleysið sem er ákvörðun í átt til frelsis.“<sup>133</sup> Síðan vitnar hann til Nýja testamentisins þar sem hinn andsetni biður Krist um að fara eitthvað annað.<sup>134</sup> Júlíanus hefur því tapað frelsi sínu samkvæmt þessu þó að hann hafi einmitt verið að reyna að ávinna sér það með því að afneita kristinni trú. Í skilningi Kierkegaards verður hann nánast andsetinn þar sem hann þolir ekki að hafa þá kristnu nálægt sér og það frelsi sem hann telur sig hafa áunnið er í raun ánauð og gjörðir hans eru í samræmi við það. Hið djöfullega er einnig samkvæmt Kierkegaard hið innilokaða þar sem það vill ekki eiga í samræðum við neinn heldur lokar sig inni og tekur þar með sjálf sig til fanga.<sup>135</sup> Það sem ákvarðar hvort eitthvað er djöfullegt er staða þess gagnvart opinberunni en þar á Kierkegaard við opinberun Guðs í Kristi en spurningin verður hvort maðurinn er tilbúinn til þess að láta hið innilokaða ganga upp í opinberunina. Ef hann vill það ekki þá líður hann af hinu djöfullega. Þó hann hafi einhverja ósk um það þá er hann þó aðallega á valdi hins djöfullega. „Hann hefur nefnilega tvenns konar vilja, annar er undirgefinn og máttvana sem vill opinberunina og annan sterkari sem vill innilokunina en það að hann skuli vera sá sterkari sýnir að hann er í aðalatriðum djöfullegur.“<sup>136</sup> Kierkegaard er ekki mikið fyrir að vera með eitthvað miðjumóð þegar hann fjallar um andlega hluti heldur notar sterk orð til þess að vekja upp lesendur sína. Á sama hátt er Ibsen einnig óhræddur við að setja skil milli þess sem hann telur vera rétt og rangt þó að hann komi því til skila á annan hátt. Hann lætur Marís biskup lýsa bölvun yfir Júlíanus og það eru gerð hróp að honum á fleiri stöðum í leikritinu þannig að það kemur skýrt fram að Ibsen telur Júlíanus vera að breyta rangt. Hann gengur eiginlega ennþá lengra með því að gefa í skyn að aðalástæða fyrir hörku Júlíanusar gagnvart hinum kristnu sé sú að Júlíanus hafi svikið kall sitt með því að afneita trúnni og þar með að séð í þessu samhengi þá sé hin kristna trú það sem beri að keppa að.

<sup>133</sup> „Forskjellen er absolut; thi Frihedens Mulighed viser sig her i Forhold til Ufriheden, hvilken er lige det modsatte af Uskyldigheden, der er en Bestemmelse hen til Friheden.“ Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 112.

<sup>134</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 114.

<sup>135</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 113.

<sup>136</sup> „Han har nemlig to Villier, en underordnet, afmægtig, der vil Aabenbarelsen, og en stærkere, der vil Indesluttetheden; men det, at denne er den stærkere, viser, at han væsentligen er dæmonisk.“ Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 117.

Júlíanus hefur, eða hafði að minnsta kosti, tvenns konar vilja. Annar, það er sá sem sýndi sig að vera máttvana og undirgefinn, vill opinberunina. Hann vill taka á móti kallinu og hlýða Guði. Hinn sterkari vill ekki vera neinum undirgefinn heldur vera sá stærsti, sá sem valdið hefur og það er hann sem hefur betur. Viðfang angistarinnar hefur því færst til frá því að vera angist í leit að fullvissu og sannleika í það að vera angist við hið góða. Júlíanus berst því hatrammri baráttu við Krist og hina kristnu. Hann segist munu sýna fram á það að Jesús frá Nasaret hafi verið lygari og svikari (bls. 302), hann vinnur í því að endurreisa musterið í Jerúsalem til þess að gera að engu spádóm Krists um að musterið myndi verða lagt í eyði (bls. 302) og til þess að þurfa ekki að vera nálægt þeim kristnu þá lætur hann reka þá burt úr borginni (bls. 304). Allt þetta hefur þó þveröfug áhrif við það sem hann ætlar sér því hinir kristnu styrkjast í sinni trú og fleiri bætast í þeirra hóp þegar fólk sér að þeir láta ekki bugast. Eftir að Kyrillos hefur, bókstaflega talað, rífið stykki úr sér og kastað fyrir framan Júlíanus með þeim orðum að hann hræðist hann ekki (bls. 308), hinar kristnu konur koma syngjandi um Krist eftir veginum (bls. 309) og Jóvían kemur með þann boðskap frá Jerúsalem að mistekist hafi að byggja musterið upp aftur (bls. 311) þá er sem Júlíanus brotni niður. Það eina sem honum hefur tekist í Jerúsalem er að uppfylla orð Galíleans um að ekki muni standa steinn yfir steini af musterinu (bls. 311) og hann gengur í burtu frá fórnaraltarinu á meðan mannfjöldinn spottar hann (bls. 311). Kierkegaard segir að hið djöfullega og hið guðdómlega eigi sameiginlegan eiginleika sem felst í því að einstaklingurinn getur komist í algjört samband við bæði öflin.<sup>137</sup>

Í lok þáttarins mætum við Maxímusi aftur þar sem hann og Júlíanus ræða saman að nóttu til og Júlíanus er í þungu skapi. Honum finnst það merkilegt að það skuli vera svona mikill styrkur í villunni og Maxímus stingur upp á því að hann fari aftur til fylgismanna Galíleans ef hann finni nauðsyn í villunni (bls. 312). Þá svarar Júlíanus: „Þú veist vel að þetta er ógerlegt. Keisari og Galílei! Hvernig er hægt að sameina andstæðurnar?“ (bls. 312).<sup>138</sup> Síðan segist hann hvorki geta verið keisari né gefið það frá sér og spyr Maxímus hvort hann geti sagt sér hvernig þetta muni enda (bls. 313). Þá kemur Maxímus fram með þá hugmynd að bæði keisarinn og Galíleinn verði undir því þegar hinn rétti komi þá muni hann gleypa þá báða. Þetta sé Messías, sá hinn sami og Gyðingarnir séu að bíða eftir (bls. 313). Júlíanus svarar þá ihugandi að Messías sé hvorki

<sup>137</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 188.

<sup>138</sup> „Du ved godt at dette er ugørligt. Kejser og Galilæer! Hvorledes forene det modsigende?“

keisari né endurlausnari og Maxímus að báðir séu í honum og hann í báðum (bls. 313). Þetta tengist hugmyndinni um þriðja ríkið og að Júlíanus hafi hindrað vöxt þess - þá væntanlega með því að reyna að útiloka og skera burt kristna hlutann (bls. 313). Svo spyr Júlíanus í hverju galdur Galíleans liggja og Maxímus svarar því til að hann boðaði ekki einhverja guði heldur sagði: „Ég er Guð“ (bls. 314). Wyller segir að þegar Júlíanus snýr við orðum Maxímusar og talar um keisaraguðinn þá hafi sú hugmynd kviknað hjá honum að átt sé við hann sjálfan og hann sé sá Messías sem eigi að brjóta niður vald Galíleans.<sup>139</sup> Fyrsta skref hans í þá átt er að hann vill eignast allan heiminn og ákveður því að fara í stríð við Persakonung. Hann vill gera það sem Kýros dreymdi um og Alexander reyndi (bls. 314). Í enda þessa þáttar býr Ibsen aftur til andstæður með söng hinna kristnu þegar kór sálmakvennanna syngur í bakgrunninum um hvernig guðir sem búnir eru til með mannahöndum molna í sundur. Wyller bendir á að Ibsen, með því að nota orðið I í „I skal smuldre í muld“ (þið munuð hverfa til moldar), sé ef til vill að snúa sér til samtíma síns.<sup>140</sup> Einnig segir hann að með því að vilja gera sjálfan sig að guði sé Júlíanus kominn út í mestu villu lífs síns.<sup>141</sup> Hann neitar stöðugt að viðurkenna að eitthvað sé til æðra en hann sjálfur og meðan hann hefur hingað til daðrað við hugmyndina þá gengur hann alla leið í næsta þætti og lætur úthrópa sjálfan sig sem guð.

Í fjórða þætti er Júlíanus á leið í stríð við Persakonung og hér gerir hann alvöru úr þeirri hugmynd sinni að hann sé sjálfur guð. Til þess að undirbyggja þá staðhæfingu sína kemur hann fram með draum sem hann á að hafa dreymt (bls. 318-319) og Wyller bendir á að Ibsen hafi þennan draum úr riti sem hinn sögulegi Júlíanus skrifaði.<sup>142</sup> Hann túlkar einnig táknið eftir því sem honum hentar og þá til þess að framhefja sínar eigin áætlanir. Hann lætur sér ekki nægja að ráða yfir hinu veraldlega meðal manna, hann krefst þess líka að ráða yfir vilja mannsins. Aftur er spurt hvað sé keisarans og hvað sé Guðs og Júlíanus segir og líf og blóð nægi sér ekki. „Sá sem á að stýra verður að geta stýrt viljanum og ráðið yfir hugum manna“ (bls. 321).<sup>143</sup>

Kierkegaard segir að hið heiðna liggja undir angistinni en ef spurt er hvert sé viðfang angistarinnar þá er svarið að það sé *ekkert* því angist og ekkert samsvara hvort öðru. Hvað er svo þetta *ekkert* í heiðindómnum? Það eru örlögin.<sup>144</sup> „Örlögin

<sup>139</sup> Wyller, bls. 153.

<sup>140</sup> Wyller, bls. 154.

<sup>141</sup> Wyller, bls. 154.

<sup>142</sup> Wyller, bls. 158.

<sup>143</sup> „Den, som skal herske, må kunne herske over viljerne, over menneskenes sind.“

<sup>144</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 89.

eru samband við ytri anda og eitthvað annað sem ekki er andi og þeim er samt ætlað að vera í andlegu sambandi við.<sup>145</sup> Kierkegaard telur að örlögin séu sameining nauðsynjar og tilviljunar og sé gefið til kynna á þann hátt að örlögin séu blind vegna þess að hinn blindi gengur bæði veg nauðsynjar og tilviljunar. Viðfang angistar heiðingjans liggur í örlögnum því hann getur ekki átt samband við eitthvað sem er nauðsyn eina stundina en tilviljun á öðrum tíma.<sup>146</sup> Þetta setur hann síðan í samband við snillinginn og ef lýsing Kierkegaards á snillingnum er borin saman við Júlíanus þá skapast tengsl þar á milli. Angist heiðninnar í tengslum við örlögin sést greinilega ef horft er á snillinginn. Snillingurinn uppgötvar örlögin með sínum frumstæða krafti og er almáttugur í sjálfum sér og vill koma öllum heiminum á hreyfingu.<sup>147</sup>

„Snillingurinn getur allt og samt er hann háður einhverju smáatriði sem enginn skilur, smáatriði sem snillingurinn í alveldi sínu gefur alvalda þýðingu. Þess vegna getur annar liðsforingi, þegar hann er snillingur, orðið keisari og umskapað heiminn þannig að það verður aðeins eitt keisaraveldi og einn keisari... Hið ytra sem slíkt hefur enga þýðingu fyrir snillingnum og þess vegna getur enginn skilið hann. Allt hvílir á því hvernig hann skilur það sjálfur í nálægð síns leynda vinar (örlaganna). Allt getur verið tapað, einfeldningurinn jafnt sem hinn hyggni eru sammála um að ráða honum frá tilgangslausum tilraunum. Samt veit snillingurinn að hann er sterkari en allur heimurinn svo framarlega sem engar efasemdarfullar athugasemdir koma fram á þeim punkti um þá ósýnilegu skrift þar sem hann les hver sé vilji örlaganna.“<sup>148</sup>

Snillingurinn stendur fyrir utan hið almenna en sú trú sem kemur honum til að leggja undir sig lönd og þjóðir verður honum einnig að falli.<sup>149</sup> Ef Júlíanus er líkt við þennan snilling Kierkegaards er hægt að finna skýringar á mörgu því sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann trúir á örlögin en veit jafnframt að túlka örlögin sér í hag. Hann afsegir að hlusta á spámennina sem vilja ráða honum frá því að halda áfram herferðinni (bls. 316-

<sup>145</sup> „Skjebne er et Forhold til Aand som udvortes, den er et Forhold mellem Aand og et Andet, som ikke er Aand og som den dog skal staae i et aandeligt Forhold til.“ Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 89.

<sup>146</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 90.

<sup>147</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 91.

<sup>148</sup> „Geniet formaaer Alt og dog er det afhængigt af en Ubetydelighed, som Ingen fatter, en Ubetydelighed, som Geniet selv igjen ved sin Almagt giver almægtig Betydning. Derfor formaaer en Secondlieutenant, naar han er Genie, at blive Keiser, at omskabe Verden saa der kun bliver eet Keiserdømme og een Keiser...Det Udortes som saadant betyder for Geniet Intet, og derfor kan Ingen forstaae ham. Alt beroer paa, hvorledes han selv forstaaer det i sin hemmelige Vens (Skjebnens) Nærværelse. Det Hele kan være tabt, det eenfoldigste og det klogeste Menneske være enigt om at fraraade ham det frugtesløse Forsøg. Dog veed Geniet, at han er stærkere end hele Verden, saafremt der paa dette Punkt ingen tvivlsom Commentar findes til den usynlige Skrift, hvori han læser Skjebnens Villie.“ Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 92.

<sup>149</sup> Kierkegaard, *Begrebet Angest*, bls. 93.

317). Kytron segir eftir Hermesardraum Júlíanusar (bls. 318-319): „Ég held að ekki sé of mikið sagt þegar ég geri ráð fyrir að örlagagyðjurnar hugsi sig tvisvar um ef vera kynni að ráðagerðir þeirra stönguðust á við þínar“ (bls. 319).<sup>150</sup> Júlíanus er haldinn undirliggjandi angist sem kemur upp á yfirborðið í mismunandi myndum og hún kemur til af því að á einn hátt gengur hann veg nauðsynjarinnar. Hann vill trúa því að hann sé mestur og stærstur og nauðsynin felst í því að sanna þetta fyrir sjálfum sér og öðrum. En þessi nauðsyn felst einnig í öðru sem gefið er til kynna af og til í leikritinu og það er sú nauðsyn að Júlíanus fari villur vega. Þetta kemur fram í andasæringunum þegar röddin segir honum að grundvalla ríkið og Maxímus túlkar það sem þriðja ríkið. Júlíanus segir nei og aftur nei og segist vilja vera laus við þetta. Þá spyr Maxímus: „Frá nauðsyninni?“ og Júlíanus svarar: „Ég býð nauðsyninni byrginn! Ég vill ekki þjóna henni. Ég er frjáls, frjáls, frjáls!“ (bls. 190).<sup>151</sup> Makrína, systir Basilíusar, ræðir einnig um þessa nauðsyn en þá útfrá því að hann hafi orðið að refsivendi vegna synda þeirra kristnu (bls. 329). Hún talar líka um skriftina á veggnum en hún hefur komið áður fyrir í þriðja þætti fyrra leikritsins og Kierkegaard talar um samanber tilvísunina að ofan og segir að Júlíanus hafi ekki gefið gaum að því sem stóð þar heldur þurrkað skriftina af veggnum (bls. 329). Lokaorð Makrínu í leikritinu snerta líka þessa nauðsyn því þar talar hún um að hann hafi orðið að fara villur vega (bls. 365). Þessi orð hennar fela í sér leyndardóm útvalningarinnar og tengjast bæði útvalningu Júlíanusar sem refsivönd á kristna menn og svo eitthvað annað sem hún vill ekki fara nánar út í en segir við bróður sinn að þau skuli ekki ræða meira um þetta (bls. 365).

Snillingurinn er háður tilviljunum örlaganna samkvæmt Kierkegaard en það er ekki gott að segja hvað er tilviljun í leikritinu og hvað ekki. Er það tilviljun að Júlíanus hittir Líbanos þegar hinn síðarnefndi er að yfirgefa Konstantínópel, er það tilviljun að hann er útnefndur Cæsar rétt eftir andasæringarnar og er það tilviljun að hann hittir Basilíus og Makrínu systur hans í herferð sinni? Kierkegaard talar ekki mikið um hvað hann á við með hugtakinu tilviljun en það getur verið skilgreiningaratriði hvað við köllum tilviljun og hvað ekki.

Í fjórða þætti seinna leikritsins mætast þeir aftur Júlíanus og Basilíus og þá fær Júlíanus loks að hitta Makrínu, systur Basilíusar, en hana hafði hann fengið að heyra um áður hjá honum (bls. 327). Það er Makrína sem spyr hann hvers vegna hann

<sup>150</sup> „Jeg tror ikke det er for meget sagt når jeg forventer at skæbne-gudinderne betænker sig to gange, ifald deres rådslagninger ikke skulde stemme med dine.“

<sup>151</sup> „Fra nødvendigheden?“ „Jeg trodser nødvendigheden! Jeg vil ikke tjene den. Jeg er fri, fri, fri!“



fari fram með svona miklum ákafa gagnvart einhverjum sem hann telji dáinn (bls. 328). Hún segir ennfremur að Júlíanus finni í hjarta sínu að Kristur sé lifandi og spyr: „Hvað er það sem þú hatar og ofsækir? Ekki hann heldur trú þína á hann. Lífir hann ekki í hatri þínu og ofsóknum á sama hátt og hann lifir í kærleika okkar?“ (bls. 329).<sup>152</sup> Júlíanus bregst hart við þessum orðum og segist munu sýna þeim að þau hafi rangt fyrir sér (bls. 329). Í riti sínu *Sygdommen til Døden* segir Kierkegaard eftirfarandi um örvæntingu sem veit ekki að hún er örvænting:

„Þegar maðurinn er álitinn hamingjusamur, ímyndar sér að hann sé hamingjusamur þó að í ljósi sannleikans sé hann óhamingjusamur þá er yfirleitt langt frá því að hann óski sér þess að vera rifinn úr villunni. Þvert á móti, hann verður bitur, hann lítur á þann sem það gerir sem sinn argasta óvin, hann lítur á það sem atlögu á sig, næstum því eins og morð að því leyti að verið sé að myrða hamingju hans.“<sup>153</sup>

Orsökina fyrir þessu er sú að hið lostafulla stjórnar honum og hann lifir í hugmyndaheimi lostans og þetta hið líkamlega kemur í veg fyrir að hann þori og haldi það út að vera andlegur. Júlíanus vill þó vera álitinn andlega sinnaður, sérstaklega með tilliti til þess að hann hefur látið úthrópa sig sem guð, en í raun er hann veraldlega sinnaður sem sést af þeirri þörf hans fyrir landvinninga og ótakmörkuð völd yfir mönnunum. Eitthvað gerist þó á milli Makrínu og Júlíanusar við þessi orðaskipti þeirra. Júlíanus sér í Makrínu þá hreinu konu sem hann hefur leitað að og talið sig vanta en Makrínu finnst augu Júlíanusar vera truflandi því hún segir að í þeim sameinist engill og slanga (bls. 329). Wyller segir að það sé Makrína sem með lifnaðarháttum sínum hafi gert að veruleika þá vídd ljóss og lífs sem Júlíanus dreymi stöðugt um en nái aldrei að höndla.<sup>154</sup> Hann skipar þeim systkinum því að koma með sér og fylgja hernum eftir og vitnar þar enn og aftur í það að gefa keisaranum það sem keisarans er og með því að hjúkra særðum og veikum þá geti þau einnig þjónað Galíleanum (bls. 330).

<sup>152</sup> „Hvad er det, du hader og forfølger? Ikke ham men din tro på ham. Og lever han ikke i dit had og i din forfølgelse, således, som han lever i vor kærlighed?“

<sup>153</sup> „Naar saaledes et Menneske formeentligen er lykkelig, indbilder sig at være lykkelig, medens han dog i Sandhedens Lys betragtet er ulykkelig, saa er det som oftest meget langt fra, at han ønsker at rives ud af denne Vildfarelse. Tværtimod, han bliver forbittret, han anseer Den for sin arrigste Fjende, der gjør det, han betragter det som et Overfald, noget nær som et Mord, paa den Maade, som det hedder, at myrde hans Lykke.“ Søren Kierkegaard: „Sygdommen til Døden“, *Søren Kierkegaard Samlede værker*, bind 15, Gyldendal, København: 1963, bls. 99.

<sup>154</sup> Wyller, bls. 164.

Í fimmta og síðasta þætti seinna leikritsins kemur vel í ljós að Júlíanus er ekki lengur heill á geði en Ibsen notfærir sér það til þess að undirstrika margt sem gerist í tengslum Júlíanusar og fylgismanna Galíleans. Wyller bendir á það að Júlíanus hafi misst hæfileikann til að samsama sig tímum og atburðum. Hann heldur að eitthvað hafi gerst í gær sem gerðist raunverulega fyrir fjörutíu dögum og Ibsen notar þetta til þess að líkja herförinni við það þegar Ísraelsmenn voru fjörutíu ár í eyðimörkinni á leið til fyrirheitna landsins (bls 347).<sup>155</sup> Það er hægt að læra af Ísraelsmönnum og síðan kemur Júlíanus á óvart með því að hvetja þá í kringum sig til þess að læra af þeim kristnu því þeir séu tilbúnir til þess að fórna öllu, meira að segja lífinu, fyrir það sem þeir trúa á (bls. 347). Wyller bendir ennfremur á eftirfarandi:

„Í kvæðinu „Ballongbrev“ frá 1870 hefur Ibsen gefið til kynna allan þennan jákvæða skilning á sambandi kristinna heimsslita og fyrirheitna landsins sem í opinberuninni er tengdur sýninni á hið komandi þúsundaráriki: Gegnum fórnarinnar eyðimerkurvíddir/ liggur leiðin til Kanaans.“<sup>156</sup>

Í þessum síðasta þætti leikritsins kemur Ibsen með margar tilvísanir til hinna síðustu tíma og sýn hinna kristnu er undirliggjandi þáttur í umfjöllun hans á því efni. Þar er Kristur að sjálfsögðu miðlægur þáttur og styður það þá fullyrðingu sem sett var fram í upphafi þess efnis að undirliggjandi heimspeki leikritsins væri frekar að finna hjá Kierkegaard heldur en hjá öðrum hugmyndasmiðum sem Ibsen vísar til. Þegar Júlíanus setur ofan í við vísmennina sem fylgja honum þá kallar hann þá kalkaðar grafir sem eru sömu orð og Jesús notaði um Fariseana á tímum hans (bls. 347). Svo furðar hann sig á því hvernig Kristur hafi getað lagt grunninn að öllu þessu veldi með einungis tólf ófróða menn sér við hlið (bls. 347). Stríðið við Persakonung skiptir Júlíanus ekki öllu máli lengur heldur er hann upptekinn af baráttu sinni við Galíleann (bls. 348). Í senunni með Júlíanusi og Maxímusi (frá bls. 353) segir Júlíanus frá sýn sem hann fékk og þar segist hann hafa séð sama andlit og við andasæringarnar í Efesus. Þessi vera hafi horfið á braut án þess að tala við hann. Þetta er andi ríkisins og Maxímus túlkar þetta á þann veg að það sem ræður úrslitum í baráttunni standi nú fyrir dyrum og úrslitin ráðist senn (354). Þá segir Júlíanus honum frá draumi sem

<sup>155</sup> Wyller, bls. 176.

<sup>156</sup> „Hele denne positive forståelse for kristendommens eskjatologiske anliggende med „det lovede land“, som i deres apokalyptikk blir forbundet med visjonen av et kommende „tusenårsrike“, har Ibsen samtidig gitt uttrykk for i diktet „Ballongbrev...“ (1870): „Igennem ofrets ørkenvidder,/går veien til vårt Kanaan.““ Wyller, bls. 176.

hann dreyndi um Galíleann þar sem hann dreymir að minningin um Galíleann hafi verið máð út á jörðinni en allt í einu hafi hann séð göngu fara framhjá sér með Galíleann ljóslifandi í fararbroddi (bls. 354). Þessi draumur er til í skrifum hins sögulega Júlíanusar en Ibsen setur hann í sitt eigið samhengi og stuttu eftir að hann hefur sagt frá draumnum sér hann mann með kórónu og í purpurakápu á milli trjáanna (bls. 355) sem er greinileg tilvísun til Krists.

Wyller segir að þessar tilvísanir sýni það að Júlíanus sjálfur telji anda ríkisins vera Krist og afleiðing þess sé sú að það verði að skilja hugtakið þriðja ríkið sem áframhaldandi kristið ríki og öll þrjú ríkin vaxi fram í Kristi. Jafnframt segir hann að Ibsen sýnist með vilja halda öllum tilvísunum í þessa átt mjög óljósum.<sup>157</sup> En Júlíanus kastar sér út í stríðið til að berjast en sér bara sýnir af herskörum Galíleans (bls. 359). Spjót Agaþons hittir Júlíanus svo að hann fellur og þar sem hann liggur hrópar hann: „Þú hefur sigrað, Galílei!“ (bls. 359),<sup>158</sup> en við fall hans sameinast hermennirnir um hinn kristna Jóvían og hrópa að guð Galíleanna sé meðal þeirra og hann sé sá sterkasti (bls. 359).

Síðasta sena leikritsins gerist við dánarbeð Júlíanusar og þar koma að systkinin Basilíus og Makrína. Þar er Júlíanus aftur orðinn heill á geði og þeir Basilíus tala saman. Basilíus spyr hvort hann iðrist einhvers en Júlíanus getur ekki viðurkennt það heldur hafi kringumstæðurnar gefið honum völd en þau hafi hann notað eftir bestu vitund (bls. 363). Hann sér fyrir sér fegurð en síðustu orð hans eru um það hvers vegna sólin hafi taldregið hann (bls. 364). Ibsen lætur þessa setningu standa sem spurningarmerki þar sem lesendur/áhorfendur verða sjálfir að geta í eyðurnar og spyrja sig hvað Júlíanus hafi átt við með þessu. Það er hægt að túlka þetta þannig að með því að sólguðinn hafi haldið sig fjarri þá hafi hann komið í veg fyrir að Júlíanus tækist að stofna það ríki sem hann dreyndi um. Einnig er hægt að hugsa sér að Júlíanus hafi á dauðastundinni séð að hann hafi verið taldreginn og afvegaleiddur til að afneita Galíleanum.

Maxímus slær því föstu að þrátt fyrir að öll tákni hafi afvegaleitt hann þá muni þriðja ríkið koma (bls. 365). Wyller túlkar þetta þannig að andi mannsins muni einhvern tíma fá aftur þann arf sem hann missti og þá munu hinir miklu afneitarar, Kain, Júdas og Júlíanus og sú nauðsyn sem þeir stóðu fyrir fá þann heiður sem þeim

<sup>157</sup> Wyller, bls. 180.

<sup>158</sup> „Du har sejret, Galilæer!“

ber. Hann segir enn fremur að þetta sé kjarni leikritsins og smám saman ljúkist það upp fyrir Basilíusi að Júlíanus hafi ekki aðeins verið maður sem eyðilagði lífsferil sinn heldur einnig „sundurlegið verkfæri Drottins“ (bls. 365).<sup>159</sup> Wyller les saman orð Maxímusar og Makrínu - „Þriðja ríkið mun koma“ (Maxímus) „þegar hinn voldugi kemur í skýjum“ (Makrína) (bls. 365), sbr. Op. 14:14-16.<sup>160</sup>

## Niðurstaða

Leikritið *Keisari og Galílei* uppfyllir þau atriði sem Johnston taldi að einkenna yrðu nútíma harmleik. Júlíanusi mistekst ætlunarverk sitt en í þessari baráttu hans endurspeglast hugmyndafræðileg barátta kristinnar trúar og nýplátónismans. Johnston segir enn fremur að það áhrifamikla við Júlíanus sem harmleikjahetju er að hann þarf að leita í örvæntingu eftir einhverju svari vegna þess að hann sjálfur er ekki svarið. Þrátt fyrir allar hans gáfur hefur veraldarviljinn yfirgefið hann.<sup>161</sup> Kierkegaard fjallar einnig um harmleikjahetjur í *Ugg og ótta* og ber þær saman við Abraham. Agamemnon, Jefta og Brútus fórna því sem þeir elska fyrir æðri málstað, fyrir það sem er ofar þeim sjálfum en það er ekki hægt að segja það sama um Abraham. Harmleikjahetjan er með gjörðum sínum ennþá innan marka almenns siðferðis en Abraham fer út fyrir siðferðið með því að vilja fórna syni sínum án þess að aðrir sjái í því eitthvað æðra markmið. Abraham gerir þetta vegna Guðs og sjálfs sín eins og áður hefur verið vikið að. Hann á sér æðra markmið sem liggur utan siðferðisins.<sup>162</sup> Júlíanus á sér ekki þetta æðra viðmið en hann leitar stöðugt að því á meðan Abraham miðar allt sitt líf og verk við æðri mátt. Júlíanus hefði getað gengið í fótspor Abrahams, fórnað draumum um veraldleg völd og sagt já við kalli Guðs um að yfirgefa keisarahirðina og berjast við ljónin. Það gerir hann ekki og þar eru aðalskilin á milli þeirra og sú angist sem þeir eiga báðir við að stríða er heldur ekki af sama toga vegna þess að þeir glíma við Guð á ólíkan hátt. Glíma Júlíanusar er barátta um styrk, hann vill vera sá sem er sterkastur, sá sem stjórnar lífi og hugum manna, hann vill sjálfur vera guð. Abraham viðurkennir æðri mátt, hann viðurkennir að Guði

<sup>159</sup> Wyller, bls. 188-189.

<sup>160</sup> Wyller, bls. 189.

<sup>161</sup> Johnston, bls. 262.

<sup>162</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 126-128.

beri æðsta sætið í lífi hvers manns og gjörðir hans eru í samræmi við það en angist hans snýr að Ísak.

„Samkvæmt siðfræðilegri túlkun á verknaði Abrahams ætlaði hann að myrða Ísak, samkvæmt trúnni ætlaði hann að fórna Ísak. En í þessari mótsögn felst einmitt angistin sem getur valdið manni næturvöku, og þó er Abraham ekki sá sem hann er án þessarar angistar.“<sup>163</sup>

Kierkegaard segir einnig að það sem hjálpi manni til þess að verða mikill séu angistin og þrautin því þannig séu mikilmenni reynd.<sup>164</sup> Það sem einnig skilur milli þessara tveggja manna er trú þeirra eða trúleysi, eftir því við hvað er miðað. „Maður getur af eigin rammleik orðið harmleikjahetja, en ekki riddari trúarinnar.“<sup>165</sup> Abraham er riddari trúarinnar og í krafti þess fær hann Ísak aftur.<sup>166</sup> Þegar hann hefur sýnt að hann er tilbúinn til þess að láta verða af því að fórna syninum þá eignast hann hann aftur. Abraham getur alltaf hætt við og allir myndu skilja hann en þá væri hann ekki lengur Abraham.<sup>167</sup> Það sem Abraham afrekaði var að vera ást sinni trú.<sup>168</sup> Hann hlýddi kalli Guðs og öðlaðist allt aftur sem hann átti á hættu að missa. Júlíanus óhlýðnaðist sínu kalli sem leiddi til afneitunar á Kristi en hann tapaði að lokum öllu.

Eins og áður hefur verið minnst á þá er Ibsen ekki að búa til heildstæðan hugmyndaheim með verkinu í þeim skilningi að allt sé rökrétt og samkvæmt sjálfu sér. Þegar leikritið er borið saman við það sem Kierkegaard hefur skrifað eins og hér hefur verið gert er hægt að sjá margar samsvaranir í tilvistarlegum spurningum hjá þessum tveimur mönnum. Leikritið snýst að miklu leyti um samband Júlíanusar og Galíleans eins og titill verksins gefur til kynna. „Grundvallarhugmyndin í *Keisara og Galílea* er baráttan milli dimmu og björtu krafta lífsins, *angistar* og *kærleika*, „hinna tveggja ósættanlegu krafta í heiminum“ eins og Ibsen kallaði það.“<sup>169</sup> Mennirnir ganga í gegnum angistina hver á sinn hátt en eins og Kierkegaard sagði þá felast möguleikar í angistinni, hún er ekki bara neikvætt fyrirbæri heldur geta mennirnir

<sup>163</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 80.

<sup>164</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 136.

<sup>165</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 139.

<sup>166</sup> Aðalmunurinn á Abraham og þeim harmleikjahetjum sem Kierkegaard nefnir er sá að harmleikjahetjurnar þurfa að fórna því sem þeim er kært en Abraham þarf þess ekki þegar á hólminn er komið. Það var nóg fyrir hann að vera fús til þess að fórna Ísak.

<sup>167</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 216.

<sup>168</sup> Kierkegaard, *Uggur og ótti*, bls. 224.

<sup>169</sup> „Den grunnleggende idé i *Keiser og Galilæer* er kampen mellom de mørke og de lyse livskreftene *angst* og *kjærlighet*, „to uforsonlige magter i verdenslivet“, som Ibsen kaller dem.“ Hoem, bls. 9.

sjálfir dálítið valið hvernig þeir vilja taka á henni. Júlíanus finnur ekki leið sína út úr angistinni og þar með verður hann aldrei frjáls heldur bindur angistin hann við sig því hann hefur afneitað þeirri leið sem honum býðst út úr henni. Hann hafnar þeim möguleika frelsisins sem felst í angistinni og er þar með fangaður af nauðsyninni sem hann vildi þó ekki þjóna. Ibsen vill þó ekki ýta Júlíanusi út í ystu myrkur heldur lætur hann Makrínu sem er fulltrúi mildi og kærleika í leikritinu eiga lokaorðin:

„Þú villuráfandi sál - ef þú varðst að fara villur vega þá verður það vissulega reiknað þér til tekna á efsta degi þegar hinn völdugi kemur í skýjum til þess að dæma þá lifandi dauðu og þá dauðu lifandi!“<sup>170</sup>

---

<sup>170</sup> „Vildfarende menneskesjæl, - *måtte* du fare vild, da skal det visselig regnes deg til gode på hin store dag, når den vældige kommer i skyen for at sige dommen over de levende døde og over de døde levende!“ (bls. 365).

### Heimildaskrá:

*Biblían*, Hið íslenska Bibliúfélag, Reykjavík: 1981.

Green, Ronald M.: „Developing *Fear and Trembling*“ *The Cambridge Companion to Kierkegaard*, ritstj. Alastair Hannay og Gordon D. Marino, Cambridge University Press, Cambridge: 1998, bls. 257-281.

Hoem, Gunhild: *Henrik Ibsens hovedverk Keiser og Galilæer. Litteraturforskernes „problembarn“*, Solum Forlag, Oslo: 2000.

Haakonsen, Daniel: *Henrik Ibsen*, H. Aschehoug & Co., Oslo: 2003 (1981).

Ibsen, Henrik: „Keiser og Galilæer“, *Samlede verker III*, Den norske bokklubben, Oslo: 1941.

Johnston, Brian: *To The Third Empire*, Ibsen's Early Drama, University of Minnesota Press, Minneapolis: 1980.

Kierkegaard, Søren: *Begrebet Angest*, Det Danske Sprog- og Litteraturselskab Borgen, staður ekki nefndur: 2004.

Kierkegaard, Søren: „Sygdommen til Døden“, *Søren Kierkegaard Samlede værker*, bind 15, Gyldendal, København: 1963.

Kierkegaard, Søren: *Uggur og ótti*, þýð. Jóhanna Þráinsdóttir, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík: 2000.

Marino, Gordon D.: „Anxiety in *The Concept of Anxiety*“, *The Cambridge Companion to Kierkegaard*, ritstj. Alastair Hannay og Gordon D. Marino, Cambridge University Press, Cambridge: 1998, bls. 308-328.

Meyer, Michael: *Henrik Ibsen*, Gyldendal, (Staður ekki nefndur): 1971.

Tjønneland, Eivind: „Henrik Ibsens Brand og Søren Kierkegaard“ *Kierkegaard, Ibsen og det moderne*, ritstj. Vigdis Ystad, Universitetsforlaget, Oslo: 2010.

Trausti Ólafsson: *Ibsen's Theatre of Ritualistic Visions*, Peter Lang, Bern: 2008.

Wyller, Egil A.: *Ibsens Keiser og Galilæer*, Gyldendal Norsk Forlag, Oslo: 1999.

